



# Drengir og lestraráhugi

Henný Árnadóttir

Inga Birna Sigurðardóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



# **Drengir og lestraráhugi**

Henný Árnadóttir

Inga Birna Sigurðardóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í kennslu ungra barna í grunnskóla

Leiðbeinandi: Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Maí 2015

Drengir og lestraráhugi

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Henný Árnadóttir og Inga Birna Sigurðardóttir 2015

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2015

## Ágrip

Ritgerð þessi fjallar um lestraráhuga drengja frá lokaári leikskóla fram á miðstig grunnskóla. Leitast er við að kanna hvers vegna drengir lesa minna en stúlkur en einnig er skoðað hvernig hægt er að efla lestraráhuga þeirra. Fjallað er um lestur, læsi og hugtök því tengd, svo sem hljóðkerfisvitund, umskráningu, lesfimi, lesskilning og hvaða þýðingu þeir hafa fyrir lestrarnám. Rýnt er í rannsóknir á börnum á leikskólaaldri og upp í efstu stig grunnskóla til að leita skýringa á áhugaleysi drengja á lestri. Barnabækur eru skoðaðar og innihald þeirra. Einnig er upplýsinga leitað hjá rithöfundunum Gunnari Helgasyni og Kristínu Helgu Gunnarsdóttur um ritstörf þeirra og viðhorf til lestraráhuga drengja. Fjallað er um lestur í leikskóla, hlutverk hans og foreldra þegar kemur að lestrarstundum. Einnig þær breytingar sem börn og foreldrar upplifa við flutning úr leikskóla í grunnskóla. Hlutverk grunnskólans er skoðað og hvaða kennsluaðferðir kennarar geta nýtt sér til að efla lestur. Jafnframt er litið til samvinnu heimilis og skóla almennt. Að síðustu er rýnt í hvatakerfi sem reynst hafa vel í grunnskólum. Niðurstaðan er sú að drengjum er hvorki sinnt nægilega vel á heimilum né í skólakerfinu. Vinna þarf með fjölbreyttar kennsluaðferðir í skólum til að efla áhuga drengja á lestri og heima fyrir er þörf á góðum lestrarfyrirmyndum.

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	3
Formáli .....	5
1 Inngangur.....	6
2 Læsi.....	8
2.1 Hljóðkerfisvitund .....	9
2.2 Umskráning .....	10
2.3 Lesfimi.....	11
2.4 Lesskilningur.....	12
2.5 Rannsóknir á efri skólastigum .....	14
3. Lestraráhugi .....	17
3.1 Barnabækur .....	19
3.2 Innihald barnabóka.....	21
3.3 Bókatíðindi .....	23
4 Leikskólinn .....	25
4.1 Bernskulæsi .....	26
4.2 Notkun barnabóka á heimilum. ....	27
4.3 Skil á milli skólastiga .....	28
5 Grunnskólinn.....	30
5.1 Lestrarkennsla .....	30
5.2 Lestrarhvatning .....	32
5.3 Lestur er skemmtun.....	33
5.4 Samvinna heimila og skóla.....	35
6 Hvatakerfi .....	37
6.1 Fágæti og furðuverk.....	37
6.2 Spurningakeppnin <i>Lesum meira</i> .....	38
6.3 Bókasöfn .....	40
7 Lokaorð .....	42
Heimildaskrá .....	44
Viðauki 1: Spurningalisti rithöfunda .....	50
Viðauki2: Viðtal við bókasafnsfræðing.....	51

## Formáli

Ritgerð þessi er til fullgildingar 10 eininga B.Ed. gráðu við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Lítill Lestraráhugi drengja þykir höfundum vera áhugavert viðfangsefni því báðir eru mæður drengja. Markmið þeirra er að dýpka bæði þekkingu og skoða hvaða leiðir er hægt að fara til að kveikja áhuga drengja á lestri.

Höfundar vilja byrja á að þakka leiðbeinanda sínum, Önnu Þorbjörgu Ingólfssdóttur, fyrir ómælda aðstoð við upplýsingaöflun og úrvinnslu ritgerðarinnar. Henný þakkar drengjunum sínum tveimur og foreldrum fyrir þolinmæði og skilning á meðan á ritgerðarskrifunum stóð. Inga Birna þakkar einnig börnum sínum fjórum fyrir veittan stuðning ásamt þolinmæði í sinn garð á meðan á náminu stóð. Að lokum þökkum við rithöfundunum Gunnari Helgasyni og Kristínu Helgu Gunnarsdóttur auk Siggerðar Ólafar Sigurðardóttur, bókasafnsfræðingi, fyrir að veita okkur viðtal.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem hafa lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, \_\_\_\_\_. \_\_\_\_\_ 20\_\_

---

## 1 Inngangur

Í nútímasamfélagi er fátt eins mikilvægt og það að geta lesið, skilið það sem lesið er og notað ritaðar upplýsingar. Grunninum að þessu upphafi er hægt að líkja við hús í byggingu þar sem byrja þarf á undirstöðum og vanda vel til verka svo áframhaldandi stoðir styrkist. Læsi er ekki eingöngu lestur sem hefst við sex ára aldur heldur byrjar um leið og barn fer að taka eftir umhverfinu. Jafnframt er margt í þroskaferli þess sem í raun tengist ekki læsi en hefur engu að síður mikil áhrif á þróun læsis og hugsanaferli barnsins sem það nýtir síðan til frekara náms í lestri, skrift og ritun (Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, 2014, bls. 49). Ein af meginstoðum náms er lestur og þar gegnir lesskilningur mikilvægu hlutverki. Án hans verða einstaklingar undir í samfélaginu og ná hvorki að nýta sér þá menntun sem þeim stendur til boða né öðlast þá kunnáttu og færni sem krafist er af samfélaginu (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson, 2010, bls. 7). Því ættu menntastofnanir landsins og foreldrar að undirbúa börn vel frá unga aldri fyrir komandi framtíð með því að huga vel að lestraráhuga þeirra. Velta má fyrir sér hvort drengir þurfa meiri hvatningu en stúlkur þegar kemur að bókalestri og hvaða aðferðir geta haft áhrif sem virkja jákvæðni þeirra, getu, virkni og hraða. Líklegt er að snjallsímar og snjalltæki séu farin að yfirtaka tíma barna í dag sem ætti að fara í aðra iðju eins og lestur.

Það er því umhugsunarvert að hafa orð Önnu Þorbjargar Ingólfssdóttur í huga úr grein hennar Bók í hönd þar sem hún segir „Það þarf að ala upp bókaorma“. Í samfélagi dagsins í dag eru þetta orð að sönnu (2006a, bls. 19). Sú bók sem barn kynnist í fyrstu er oftast myndabók og er það upphaf lestrarferlisins. Ef bókin er skoðuð með barninu lærir það umgengni við bækur, málþroskinn eflist og einstaklingurinn fær sína fyrstu þjálfun í myndlestri. Þó okkur virðist þetta form bóka vera einfalt er það í augum barnsins hlaðið spennu og um leið flókinn miðill (Kristín Ragna Gunnarsdóttir, 2006, bls. 26). Það er því við hæfi að vinna að því að vekja áhuga barna á bókum frá unga aldri og þá sérstaklega drengja, hafa það sem hluta af uppeldinu með lestrarhvetjandi umhverfi í huga.

Hér verður leitast við að skoða hvers vegna drengir lesa minna en stúlkur en jafnframt haft í huga hvað er hægt að gera til að efla lestraráhuga þeirra. Fjallað verður um lestur, læsi og undirliggjandi þætti er hafa áhrif á lestarargetu og áhuga. Einnig verður hugað að barnabókum og leitað eftir skoðunum rithöfunda á lestraráhuga drengja. Leitað eftir viðhorfum þeirra á eigin bókum og útgefnu efni sem hefur verið vinsælt hjá drengjum að lesa. Farið verður yfir lok leikskólagöngunnar, skilin á milli skólastiga, hvað grunnskólinn



og kennarar geta gert til að vekja meiri áhuga drengja á lestri og mikilvægi samvinnu heimilis og skóla. Að síðustu er farið yfir hvatakerfi sem hafa gefið góða raun og í þeim efnum er rætt við bókasafnsfræðing.

## 2 Læsi

Læsi er einn af sex grunnþáttum íslenskrar menntunar. Þessir þættir læsis eru samtengdir og vinna saman. Við upphaf lestarkennslu þurfa þeir sem lesa að geta breytt bókstöfum í hljóð og tengja þau svo saman í orð. Orðnotkun er í framhaldi notuð til að búa til málsgreinar, efnisgreinar, kafla og bækur. Umfram allt þurfum við að geta ráðið í margvíslegar vísbendingar um merkingu og hugsun í ritmálinu. Einnig að geta tengt efni við eigin reynslu og upplifanir. Því er hægt að segja að læsi snúist um samband á milli orða og lífsins eða raunveruleikans og þess sem einstaklingur tekur sér fyrir hendur (Stefán Jökulsson, 2012, bls. 6).

Það er háð hefð og er því ekki skýrt sem færni sem hver einstaklingur getur öðlast. Læsi krefst þess að hver og einn hafi skriffæri og efnivið til að skrifa á en einnig miðils til að koma ritsmiðum sínum á framfæri eins og til dæmis bókar. Markmið læsis snýr að virkni nemenda í þáttöku við að skapa eigin merkingu um heiminn og bregðast á sinn persónulega hátt við lesnu efni með hjálp miðla og tækni sem völ er á hverju sinni. Aðalnámskráin segir einnig að gagnrýnin hugsun sé lykilþáttur í læsi og sköpun sem fléttast saman við lýðræði (bls. 18-24). Því ætti að hafa í huga í skólastarfi að góð tenging sé við daglegt líf nemenda svo þeir eigi auðveldara með að tengja við verkefni. Orðið læsi (literacy) er upprunnið úr latínu og stendur fyrir táknerfi og bókstafi. Í samfélagi okkar er lagt umfangsmikla merkingu í orðið læsi sem vísar til þriggja þátta sem eru lestur, lesskilningur og ritun. Einstaklingur telst vera læs þegar hann hefur tileinkað sér þessa þrjá þætti við sínar daglegu athafnir (Freyja Birgisdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d.).

Hugtakið læsi snýr að færni í lestri en huga þarf að því marki sem við vinnum að til að teljast læs. Við þurfum líka að velta fyrir okkur fjölbreyttum möguleikum sem við nýtum í samskiptum við aðra. Hér er átt við hæfniviðmið líkt og rætt er um í námskrám. Við vinnum að árangri eða færni í þáttum sem snúa að læsishugtakinu eins og að geta lesið ákveðið mörg orð á mínútu af nákvæmni til að teljast læs. Einnig vinnum við að lesskilningi við lestur einfaldra orða svo við náum að æfa hæfni í að draga ályktanir eða rökstyðja út frá þeim texta sem lesinn er. Því vinnum við ávallt með málskilning með því að þróa málfærni og málþroska, bæði munnlega og skriflega. Bakgrunnur hvers einstaklings, þekking hans og færni til að draga ályktanir hefur áhrif á skilning. Lesfærni hans byggir á mörgum færniþáttum, orðaforða, hæfni til samskipta, fyrri reynslu, þekkingu og áhuga á lestri, umhverfinu og viðfangsefnum hverju sinni. Læsi felst einnig í því að geta lesið sér til gagns og tekið þátt í hvers kyns umræðum (Baldur Sigurðsson,

e.d.). Það er manningum ekki eðlislægt að geta lesið heldur er þetta færni sem þarf að læra og því ólík til að mynda máltökunni. Flest börn læra að lesa án mikillar fyrirhafnar og sum þeirra ná framkvæmdinni áreynslulaust. Þetta á þó ekki við öll börn og fyrir sum þeirra verður lestrarnámið mikil hindrun og erfið reynsla sem getur haft áhrif á alla skólagöngu þeirra og áframhaldandi lífsgæði (Steinunn Torfadóttir, e.d.-b).

Það læsi sem notast er við í grunnskólum er skilgreint sem hæfileikinn til að lesa og skilja orð sem verða til úr bókstöfum. Góð lestrarfærni einkennist af kunnáttu allra bókstafa og hljóða þeirra, að geta lesið rétt og á góðum hraða, öðlast fljótt færni í að þekkja sem flest orð og ná skilningi í því efni sem lesið er. Til að ná því að gera lesturinn skemmtilegan og auðveldan þá þarf einstaklingur að verða fær á þessu sviði. Miklu máli skiptir að hver og einn lesi efni sem er hæfilega erfitt og að hann lesi það oft en einu sinni (Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d.). Þegar horft er til drengja má velta fyrir sér hvort þeir velji sér lesefni sem þeim finnst óáhugavert eða sé þeim erfitt. Það gæti verið ein af ástæðum minni lestaráhuga þeirra en ein leiðin væri að hvetja þá til að velja áhugaverðara efni svo þeir lesi frekar.

## 2.1 Hljóðkerfisvitund

Ýmsir þættir geta spáð fyrir um getu einstaklings til þess að ná árangri í lestri. Þar á meðal er svokallaður forspárþáttur en hægt er að efla hann og þjálfa með góðri kennslu (Muter, 2006, bls. 54). Nauðsynlegt er að byrja á byrjuninni og efla færni í þætti sem snýr að hljóðkerfi tungumálsins og máhljóðum þess. Það er grundvöllur lestrarþróunar sem gerir hverjum einstaklingi fært að finna máhljóðum stað, tengja þau saman í eina heild og skynja hvernig mismunandi áherslur á máhljóð geta breytt merkingu orða. Hugtakið *hljóðkerfisvitund* er notað þegar rætt er um færni eða hæfni til að vinna með máhljóð í misstórum einingum. Þar er átt við að bera saman ákveðin hljóð, prófa að breyta þeim eða færa þau til, taka þau burt eða vinna með hljóðeiningar með meðvituðum hætti. Yfirhugtakið sem unnið er með í þessum framkvæmdum er hljóðkerfisvitund þar sem unnið er með stærri hljóðeiningar en einnig er notast við undirhugtakið hljóðavitund þar sem unnið er með stök hljóð tungumálsins. Hljóðkerfisvitund vísar til almennrar færni í hljóðrænni uppbyggingu tungumálsins án tengsla við merkingu orða en hljóðavitund hugar að hverju orði og samsetningu þess úr röð hljóða sem táknuð eru með bókstöfum. Vitneskjan um hljóðin er lykillinn að því að skilja reglur stafrófsins og er því mikilvægur grunnur að því að ná góðum tókum á umskráningu og stafsetningu (Carroll, Bowyer-Craine, Duff, Hulme og Snowling, 2011, bls. 4-6). Morrison og Wilcox telja bestu leiðina til að þjálfa hljóðavitund barna felast í því að vinna markvisst með góð tengsl við kennslu bókstafa. Sú þjálfun gefur góða raun þegar kemur að lestri og ritun (2013, bls. 71).

Muter o.fl. framkvæmdu langtímarannsókn þar sem 90 börn á aldrinum fjögurra ára til sex ára tóku þátt. Öll börnin voru prófuð einu sinni á ári í stafabekkingu, hljóðkerfisvitundarþáttum (eins og rími og sundurgreiningu stakra hljóða í orðum) og lestri orða en orðaforði barnanna var hins vegar prófaður við fjögurra ára aldur og svo aftur við fimm ára aldur. Málfræðipróf var framkvæmt tvisvar sinnum og áttu börnin að raða orðum í setningar og bæta orðhlutum við stök orð. Lesskilningur var prófaður við lok rannsóknarinnar. Niðurstöður sýndu að stafabekking barnanna og hljóðavitund þeirra við fjögurra ára aldur spáðu fyrir um lestrarfærni þeirra við fimm ára aldurinn. Stafabekking þeirra, hljóðavitund og lestrargeta við fimm ára aldur gáfu aftur til kynna hvernig lestur þeirra yrði við sex ára aldur. Niðurstaðan var sú að þau börn sem höfðu náð stafakunnáttu og gátu sundurgreint orð í stök hljóð við sex ára aldur áttu auðveldara með að ná betri tökum á lestri og stafsetningu síðar meir. Einnig kom fram að orðaforði barnanna og málfræðivitund þeirra spáðu fyrir um lesskilning þeirra þegar búið var að leiðrétta ákveðinn mismun sem átti sér stað í umskráningarfærni (Carroll o.fl., 2011, bls 8-9). Allir þessir þættir sem rætt er um í þessu sambandi hafa bein áhrif á góða lestrarfærni.

Mögulega þurfa drengir frekari kennslu í lestri en stúlkur en drengjum virðist skorta sjálfstraust á þessu sviði. Í Rannsókn Smith og Wilhelm kemur þetta skýrt fram en einnig það að drengir virðast telja sig lélega lesendur og það jafnvel allt frá upphafi skólagöngunnar. Þegar þessir nemendur koma upp í menntaskóla er um helmingur þeirra ennþá á sömu skoðun (2007, bls. 11). Það eru þó til leiðir til að opna huga drengja eins og Zambo og Bronze hafa lagt til með því að útskýra hvað lestur getur veitt þeim í lífinu, bjóða þeim upp á fleiri valkosti og hjálpa þeim að öðlast jákvæða mynd af þeim sjálfum, því hverjir þeir eru og hvað getur orðið úr þeim (2007, bls. 124). Sjálfstraust virðist hafa áhrif á lestraráhuga drengja og virðist þurfa að byggja það upp með jákvæðu hugarfari og efla framtíðarsýn þeirra og getu.

## 2.2 Umskráning

Það er mikilvægt að hver einstaklingur nái góðri færni í umskráningu en hún vísar til þess þegar bókstafir breytast í hljóð sem tengd eru saman í orð. Hún byggir á næmni einstaklinga fyrir hljóðum tungumálsins og hæfni þeirra til að spreyta sig á þeim á mismunandi hátt (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.-b). Umskráningarþættir þróa þannig að fyrst læra börn að þekkja bókstaf út frá hljóði hans. Því næst læra þau að þekkja hljóðið út frá bókstafnum. Þá læra þau að skrifa stafi út frá hljóði og loks ná þau að tengja saman hljóðin til að umskrá þau í orð. Þegar þessi þekking er orðin góð þá er hægt að lesa sjálfvirkt algeng orð eins og bíll og hús. Þegar barn hefur náð góðri færni af þessu tagi reynist þeim auðveldara að hljóða sig í gegnum orð, umskrá tvíhljóð og samhljóða-

sambönd sem þróast svo í að lesa, skrifa og stafsetja eins atkvæðis orð. Með áframhaldandi æfingu læra börn að bera kennsl á flest orð og orðbúta, lesa samsett og margatkvæða orð sem þróast svo í setningar og almennan lestur á texta (Walpoe og McKenna, 2007, bls. 52).

### 2.3 Lesfimi

Þegar búið er að vinna í hljóðkerfisvitundarþáttum og umskráningu þá er farið að huga að lestrarhraða en hann er misjafn hjá hverjum og einum og verður það þrátt fyrir að börn hafi í upphafi skóla náð góðri undirstöðufærni og geta vel lesið sér til gagns. Ef börn og fullorðnir sinna markvissri þjálfun þá eykur hún sannarlega leshraða. Það er þó ekki hjá því komist að sumir lesi hægar en aðrir en það hefur þó ekki endilega áhrif á lestrargleði þeirra. Það er ekki endilega samsvörun á milli lesskilnings og leshraða og því er óráðlegt að einblína einungis á niðurstöður leshraðaprófa sem mæla rétt lesin atkvæði á mínútu.

Lestrarátök sem miða við fjölda lesinna blaðsíðna ber einnig að varast því þau geta haft letjandi áhrif á hæglesna einstaklinga, dregið úr þeim kjark og áhuga. Takmark lestrarkennslu hlýtur að miða að því að fá börn til að velja sér lesefni eftir áhuga án þess að þau þurfi að huga að lengd bóka (Ragnheiður Gestsdóttir, 2009a, bls. 82). Þetta er eitt af því sem kennarar ættu að hafa í huga í kennslu sinni og leyfa drengjum að velja frekar styttri bækur en lengri til þess að lesturinn verði yfirstíganlegri og þeim frekari hvatning til að lesa. Einnig þarf að huga að því að þyngja lesefni barna ekki of hratt því það getur haft afdrifaríkar afleiðingar. Ef þau telja sig ekki geta lesið efnið eiga þau á hættu að gefast upp. Lesefni getur jafnframt orðið of einhæft. Þá gengur lestrarnámið of hægt og missir þá jafnvel marks hjá nemendum. Það er mikilvægt að foreldrar séu vakandi fyrir áhuga barna og að þeir lesi fyrir þau bækur sem höfða til þroska þeirra og aldurs. Þannig geta foreldrar eflt orðaforða barna sinna og veitt þeim góðan undirbúning fyrir áframhaldandi skólagöngu því ein stærsta forsendan fyrir góðum lesskilningi er að byggja upp orðaforða. Þau börn sem eru hæg í lestri, ná ekki að lesa sjálf og fá ekki lestur heima við eiga á hættu að fá ekki sömu tækifæri til að öðlast þennan orðaforða (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.-a). Því ætti að teljast mikilvægt fyrir foreldra drengja að huga vel að lestri heima við, hafa fjölbreytt lesefni sem er getumiðað svo þeir gefist síður upp.

Samhliða orðaforðanum og lestri foreldra þarf að vinna að leshraða barna og *lesfimi* en hún er skilgreind sem ákveðin færni er byggir á nákvæmum lestri. Lesturinn er þá jafnframt sjálfvirkur og lesandinn einbeittir sér að réttu hljómfalli eða hrynrænum þáttum tungumálsins. Þessir þættir stuðla sameiginlega að lesskilningi en lesfimi er bæði mikilvæg þegar kemur að hljóðlestri og upplestri (Kuhn, Schwanenflugel, Meisinger, 2010, bls. 240). Almenn er talið að með auknum lestri efli það lestraröryggi nemenda. Til að hægt sé að

auka það öryggi er stuðst við tvær leiðir. Annarsvegjar raddlestur, að lesa upphátt, og sjálfstæður hljóðlestur, það að lesa í hljóði. Í hljóðlestri einbeitir nemandi sér að merkingu texta en hefur minni áhyggjur af framsögn (National Reading Panel, 2000, bls. 12). Þegar kemur að upplestri þá er hægt að líkja honum saman við leikræna tjáningu. Góð aðferð er fyrir þann sem les að lesa bók áður en hún er lesin upphátt fyrir aðra. Það auðveldar þeim sem les að sýna rétt svipbrigði þar sem við á og að röddin passi við (Morrow og Gambrell, 2004, bls. 12).

## 2.4 Lesskilningur

Hæfileiki og þekking á orðaforða til að þekkja orð, er það sem skiptir máli hvað varðar lesskilning. Vísbendingar segja til um að munur á orðaforða hafi áhrif á skilning og þegar hann eykst þá verður einnig aukning á lesskilningi. Það að hafa góðan og fjölbreyttan orðaforða er forsenda lesskilnings (Biemiller, 2003, bls. 325-326; National Reading Panel, 2000, bls. 3, 9). *Lesskilningurinn* er skilgreindur sem ákveðið ferli sem er stöðugt, þróar hugann og er undirstaða alls náms. Samræður lesanda við lesefni hjálpa honum við skilning, áhuga og eftirfylgni. Þetta ferli geta foreldrar ræktað með því að aðstoða börn sín við að fylgja innihaldi texta um leið og lesið er og spyrja spurninga úr lesefninu og ræða innihald þess. Jafnframt er gott að tengja það við fyrri þekkingu og ræða og útskýra ný orð sem barnið þekkir ekki (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.-a).

Í skýrslu sem gerð var að beiðni Bandaríkjaþings og unnin var af *National Reading Panel* með það að markmiði að skoða frekari leiðir til þess að bæta lestrarkennslu barna á aldrinum fimm til tólf ára kemur fram að það þurfi að vera hluti að lestrarkennslunni að þjálfja lesskilning. Þegar lesið er upphátt fyrir nemandur þá er í raun verið að leggja grunninn að lesskilningi, kveikja áhuga þeirra á bókum jafnt sem bókalestri og auka orðaskilning þeirra (NRP, 2000, bls. 1, 126). *National Reading Panel* hefur fylgst með lesfimi og lesskilningi barna, meðal annars í gegnum rannsókn sem nefnist *PIRLS* (Progress in International Reading Literacy Study). Hún nær til 40 landa og er tilgreind sem ein viðamesta rannsókn sem gerð hefur verið í heiminum. Framkvæmd hennar er á vegum *IEA* (International Association for the Evaluation of Educational Achievement). Þar er lestrarfærni níu ára barna skoðuð og ýmsir þættir sem geta haft áhrif á lestarvenjur þeirra, svo sem viðhorf þeirra sjálfra og foreldra til lesturs almennt. Í þessari rannsókn er stuðst við hugtakið *lesleikni* og skilgreinist hún sem ákveðin hæfni sem einstaklingar þurfa að búa yfir til að skilja og nota ritmálið svo það samræmist kröfum samfélagsins. Jafnframt þarf hver og einn að geta tileinkað sér ýmiss konar texta, skilið þá og nýtt í framhaldi í daglegu lífi og námi. Í niðurstöðum *PIRLS* rannsóknarinnar á Íslandi árið 2006 kom fram að þeir nemandur sem nýttu tíma sinn í að lesa sér til ánægju sýndu hærri virkni

í lesleikni en þeir sem lásu sjaldnar. Þeir nemendur sem höfðu jákvæðara viðhorf til lesturs töldust líklegri til að ná meiri árangri í lesleikni. Rannsóknin hefur einnig leitt í ljós að jákvætt viðhorf foreldra til lesturs skiptir máli en það hefur minnkað marktækt frá árinu 2001 (Brynhildur Scheving Thorsteinsson og Júlíus K. Björnsson, 2007, bls. 54-60). Það er því ljóst að ekki er nóg að skólinn sinni börnunum heldur þarf að huga að foreldrum líka og fá þá til að skilja hvað lestur er mikilvægur.

Lestur er grunnur að öllu námi og nemandi sem nær ekki góðum tókum á lestri við upphaf skólagöngu sinnar gæti lent í erfiðleikum með bóklegt nám síðar meir. Því er mikilvægt að grunnskólar setji hver og einn markmið um að vinna markvisst með lestrarfærni nemenda svo þeir geti lesið sér til gagns. Til að fylgjast með árangri nemenda er nauðsynlegt að framkvæma lesskimunarpróf árlega í skólum landsins. Tilgangur þeirra er að fá heildarmynd af lestrargetu nemenda og finna út hverjir þurfa á frekari sérkennslu að halda. Í skýrslu Reykjavíkurborgar (2013) vegna lesskimunar í öðrum bekk er meðal annars litið til lesskilnings og eru nemendur beðnir um að lesa setningar og velja mynd, hlusta og svara spurningum, velja orð út frá ákveðnu samhengi, lesa og svara spurningum og að síðustu lesa fyrirmæli og fylgja þeim. Miðað er við að nemendur geti lesið sér til gagns ef þeir ná að leysa 65% atriða prófsins. Sé geta þeirra hins vegar á bilinu 50-64% þá teljast þeir vera á góðri leið með að ná tókum á lestri en ef einungis tekst að svara 50% eða minna rétt þá þurfi nemendur á sérstökum stuðningi að halda (Ásgeir Björgvinsson, Guðrún Edda Bentsdóttir og Hildur B. Svansdóttir, 2013, bls. 5).

Niðurstöður úr skýrslu Reykjavíkurborgar benda til þess að árið 2013 hafi rúmlega 63% nemenda ná þessum 65% viðmiðunarárangri og teljist þannig geta lesið sér til gagns en 37% ná ekki þeim árangri sem stefnt er að. Fjöldi nemenda sem ná viðmiðum prófsins hefur farið fækkandi ár frá ári. Árið 2011 náðu 71% nemenda þessum viðmiðum, ári síðar einungis 69% nemenda og árið 2013 63% nemenda eins og áður segir. Stúlkur ná almennt betri árangri en drengir í lesskimunarprófum en 67% stúlkna ná þeim viðmiðum sem stefnt er að á meðan einungis 59% drengja nær sömu viðmiðum. Mismunurinn á kynjunum er því 8% árið 2013 en árið áður munaði einungis 3%. Sé viðhorf til lestrar skoðað kemur í ljós að stúlkur hafa jákvæðara viðhorf til lesturs en drengir. Munurinn er reyndar ekki mikill en hann er þó marktækur (Ásgeir Björgvinsson, Guðrún Edda Bentsdóttir og Hildur B. Svansdóttir, 2013, bls. 6-15). Þessar niðurstöður eru sláandi og sýna að nauðsynlegt er að vinna vel að lestri nemenda og þá sérstaklega drengja til að ná fram lesfimi. Þá þarf að gera lestur að jákvæðri reynslu með því að lesa gagnvirkt fyrir þá og vinna þannig að því að bæta orðaforða þeirra og lesskilning.

## 2.5 Rannsóknir á efri skólastigum

Lítið er til af rannsóknum sem kanna lesskilning á yngri stigum grunnskóla og er því vert að skoða efri skólastig til að sjá árangur drengja í lestri síðar meir. Ein þeirra rannsókna sem fellur undir alþjóðlega samanburðarmælingu á frammistöðu menntakerfisins sem fer fram hér á landi er *PISA*. Þar er metið hversu vel nemendur hafa tileinkað sér ákveðna þekkingu og hæfni við lok grunnskóla. Í rannsókninni er sjónum beint að lesskilningi, náttúru- og stærðfræðilæsi. Þar er skoðað hvort nemendur geta beitt grunnþekkingu og hæfni og hversu vel þeim gengur að nýta sér tæknina (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2013, bls. 7-9).

Almar M. Halldórsson skoðaði kynjamun á námsárangri í grunnskólum Reykjavíkur út frá niðurstöðum *PISA* rannsóknarinnar árið 2009 og samræmdum prófum sama árs. Markmið hans var að taka saman niðurstöður fyrir hóp sem vann að því að finna úrræði til að stuðla að auknum námsárangri drengja. Við samantekt úr niðurstöðum *PISA* komst Almar að því að lesskilningi hjá nemendum í Reykjavík hrakaði jafnt og þétt á árunum 2000 – 2009. Í ellefu skólum á Reykjavíkursvæðinu er marktækur kynjamunur í lestri, stúlkum í vil en þó er í einum skóla kynjamunur drengjum í hag. Það telst einstakt, jafnvel þótt munurinn teljist ekki marktækur. Almar skoðaði lesskilning nemenda og komst að því að hann var mjög slakur og virtust þrefalt fleiri drengir en stúlkur vera í vanda staddir (2011, bls. 5-9). Þegar rýnt var betur í rannsóknina kom í ljós að stúlkur höfðu meiri ánægju af lestri en drengir en þær lásu fjölbreyttara efni og voru duglegri að nota bókasöfnin. Drengirnir lásu hins vegar meira á veraldarvefnum, höfðu lakari námstækni en stúlkur og nýttu síður árangursríkar aðferðir við að draga saman meginatriði í texta til að efla skilning sinn. Þar að auki voru stúlkurnar skipulagðari. Drengir lásu almennt minna í námi og fyrir utan skóla (Almar M. Halldórsson, 2011, bls. 17–19).

Í nýjustu *PISA* rannsókninni frá árinu 2012 heldur sama þróun áfram og lesskilningur minnkar. Niðurstöður hafa sýnt að síðastliðinn áratug hefur læsi íslenskra nemenda farið aftur um tíma sem nemur hálfu skólaári. Það segir okkur að unglingar sem ljúka grunnskólagöngu í dag ná einungis læsi sem samsvarar því sem nemendur luku áður fyrir um miðbik lokaárs 10. bekkjar. Frá rannsókninni 2009 fjölga í hópi slökustu nemendanna. Þegar litið er til baka þá var sjötti hver nemandi á Íslandi undir viðmiðum árið 2000 en hins vegar fimmti hver árið 2012. Jafnframt hefur afburðarnemendum fækkað um 3% frá árinu 2000 sem er þriðjungs lækkun. Ísland og Svíþjóð voru yfir meðaltalinu fyrir tólf árum en eru nú mjög neðarlega á lista (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2013, bls. 21–39). Þegar kynjamunur er skoðaður þá heldur sama þróun áfram hjá drengjum því lesskilningur lækkar áfram. Kynjamunurinn virðist þó alltaf vera stúlkum



í hag á Íslandi þegar þetta tólf ára tímabil er skoðað og á þessi munur við um öll löndin sem taka þátt (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2013, bls. 54).

Svo virðist sem drengir velji veraldarvefinn fremur en lestur bóka og það vísar til niðurstaðna Þorbjarnar Broddasonar en hann hefur rannsakað börn og sjónvarp á Íslandi í fjölda ára. Ástæðan gæti verið sú að í dag hefur færst í vöxt að börn á Íslandi hafi sjónvarpstæki í herbergjum sínum og virðast drengir vera líklegri til að hafa þennan kost en stúlkur. Frá því rannsóknir Þorbjarnar hófust hefur hann kannað yndislestur barna og lestur bóka. Niðurstöður hans hafa ítrekað sýnt fram á að drengir lesa minna en stúlkur en yngri hópar virðast þó lesa meira en unglingar. Frá árinu 1968 er rannsóknir hans hófust og til ársins 2009 hafa niðurstöður farið hrakandi í öllum flokkum. Þeir sem lásu enga bók í fyrstu könnuninni voru um 11% en árið 2009 var fjöldinn kominn í 28%. Þeir sem lásu eina til níu bækur árið 1968 voru 79% en eru nú komnir í 68%. Þeir sem lásu tíu bækur eða fleiri voru 19% en eru dottnir í 4% árið 2009. Miklar samfélagsbreytingar hafa átt sér stað á rannsóknartíma Þorbjarnar. Tæknivæðing hefur fjölgað tölvum og sjónvörpum á heimilum landsins og þá er Veraldarvefurinn vinsæl afþreying. Umhverfisáhrifum er kennt um sem og skólum landsins fyrir að vinna ekki nægilega vel að lestrarhvatningu (Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir, 2009, bls. 256-259). Þessar niðurstöður gætu verið ein af ástæðum þess að drengir lesa minna en stúlkur því margt bendir til að þeir séu frekar uppteknari af tölvum og öðrum rafrænum nútímatækjum. Þegar niðurstöður fleiri rannsókna eru skoðaðar koma í ljós vísbendingar um að umhverfisáhrif hafi neikvæð áhrif á lestur.

Í rannsókninni *Ungt fólk* frá árinu 2014 er rýnt í lestur bóka og þar kemur einnig fram að áfram dragi úr lestri þeirra. Þar er miðað við að nemandi í 9. eða 10. bekk lesi aðrar bækur en námsbækur í fjórar klukkustundir eða meira á viku. Samkvæmt niðurstöðum rannsókarinnar lásu að meðaltali 16% nemenda annað efni en námsbækur í fjórar klukkustundir eða lengur á viku árið 2012 en 14% árið 2014. Lestur á annars konar efni, eins og teiknimyndabókum, tímaritum og dagblöðum hefur haldist jafn frá 2009 og er 1-3%. Sé litið til námsframmistöðu nemenda í rannsókninni þá geta mögulegir áhrifavaldar verið þeir að drengir telja að lesblinda hamli 7,9% þeirra, 8,2% segjast vera með lítinn leshraða, 4,3% aðra lestrarörðugleika og 3,6% skrifblindu (Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórarinsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigufúsdóttir, 2014, bls. 11). Áhugavert er að skoða tölvu- og netnotkun hjá nemendum á unglिंगastigi. Færri horfa á sjónvarpsþætti, myndbönd og kvikmyndir í tvær til þrjár klukkustundir á dag en það er þó umtalsverður fjöldi unglinga.

Tölvuleikirnir njóta einhverra vinsælda en einnig Facebook, Twitter, Instagram, Vine, Tumblr, WhatsApp, Snapchat og Skype (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2014, bls. 19-21). Út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar má leiða að því líkum að tíminn sem ungmenni nýta í að fylgjast með netmiðlum og sjónvarpi takmarki þann tíma sem þau nýta í lestur bóka. Þetta gæti einnig skýrt áhugaleysi drengja á lestri bóka þar sem margt bendir til þess að þeir noti tölvur og net í meira mæli en stúlkur.

### 3. Lestraráhugi

Það vekur ekki furðu þó að einhverjir í samfélaginu séu ráðvilltir yfir lestraráhugaleysi íslenskra barna og þá sérstaklega drengja á lestri. Bókmenntaáhugi er ekki meðfæddur heldur eru það foreldrar, starfsfólk leikskóla og allir sem barnið umgengst sem hafa það hlutverk að rækta hann og viðhalda honum. Þessar fyrirmyndir hafa því mikilvægu hlutverki að gegna við að vekja og viðhalda bókaáhuga ungra barna (Vacca, Vacca og Gove, 2000, bls. 69). Ef góður árangur á að nást er talið best að byrja snemma á að vekja athygli barna á lestri bóka. Bent hefur verið á mikilvægi þess að hafa samverustundir með ungum börnum þar sem þau eru tekin í hlýjan faðmunn og fái að njóta þess að opna bók og skoða litríkar myndir. Þegar þeim er bent á teikningar og myndir í bókum þá bregðast þau við svo gagnkvæm tjáning á sér stað. Tilfinningalegt gildi fylgir því að lesa í ró og næði en einnig vellíðan og gleði bæði fyrir barnið og þann sem les fyrir það. Því getur kviknað löngun til frekari lestrarstunda og áhugi barnsins vaknar á bókum. Þar með hefur fyrsta skrefið verið tekið í átt að auknum lestraráhuga (Ágústa Pálsdóttir, 1998, bls. 15).

Lestraráhugi samanstendur af mörgum þáttum sem hafa samverkandi áhrif á hvern annan og þannig mótar lestrarfærni barna. Meðal þeirra þátta eru sjálfkvæmur áhugi, gott sjálföruggi, félagslegir þættir og að lokum þau markmið sem barnið sjálf setur sér í lestrarnámi sínu (Wigfield og Guthrie, 1997, bls. 420). Fleiri þættir koma einnig þar við sögu eins og persónuleiki barnsins sem einnig hefur áhrif á lestraráhuga þess (Medford og McGeown, 2012, bls. 786). Þættir sem liggja að baki góðum lestraráhuga er sú hugmynd sem barnið hefur á lestri og lestrarfærni, gildi og skoðanir þeirra á lestri, hver markmiðin með lestrinum eru og að lokum þörfin fyrir viðurkenningu á lestrinum (Klauda og Wigfield, 2012, bls. 3). Því getur talist vera skynsamlegt fyrir foreldra drengja að vera duglegir að hrósa þeim eftir að þeir hafa lesið heima.

Það skiptir máli að áframhaldandi lestraráhugi tengist bókum frekar en öðru lesefni því við lestur þeirra næst betri lesskilningur sem er forsenda alls náms. Börnum sem hafa áhuga á lestri bóka gengur betur í skólanum því þá ná þau að auka víðsýni sína, öðlast umburðarlyndi og geta sett sig í spor annarra. Umfram allt er bókalestur skemmtilegur og kærkomin leið fyrir börn til að njóta friðar frá amstri dagsins. Ekki má þó skamma börn eða krefjast þess af þeim að þau lesi bækur því flest þeirra lesa sér til ánægju. Því er það í höndum foreldra að gera lestur skemmtilegan, vera góðar fyrirmyndir og að þeir lesi einnig barna- og unglingabækur því þá gefst tækifæri til samræðna um bækurnar.

Foreldrar geta rætt efni bóka við börn sín, sagt frá sinni upplifun og gefið álit sitt (Brynhildur Þórarinsdóttir, e.d.).

Börn foreldra sem álíta lestur bæði gagnlegan og skemmtilegan eru líklegri til að hafa áhuga á lestri en þau börn sem alast upp í umhverfi sem telst ekki lestrarhvetjandi. Einnig eru bein tengsl á milli jákvæðs viðhorfs foreldra til lesturs í uppeldi barna og löngunar þeirra síðarnefndu til að lesa bækur og þar með ná þau frekari þjálfun í lestrartækni. Því er áhugavert að skoða tengsl á milli umhverfis barns og áhuga þess á lestri því kennarar og foreldrar þurfa að hafa lestur sýnilegan í skólastofunni og heima fyrir. Ástæðan er sú að börn þurfa að sjá foreldra lesa í frítíma sínum því þannig ná þau tengingu við lestur sem skemmtilega afþreyingu og eykur áhuga þeirra á lestri bóka (Baker, Scher og Mackler, 1997, bls. 69-70). Þessar niðurstöður Baker o.fl. kallast á við rannsókn Ágústu Pálsdóttur (1998) sem sýndi að uppeldisaðferðir leiðandi foreldra vöktu lestraráhuga barna þeirra þar sem þeir byrjuðu að lesa fyrir börnin snemma, litu á lestur sem ánægjustund og ómissandi þátt í barnauppeldinu. Þannig varð lestur hluti af daglegum venjum þar sem áhersla var lögð á traust og hlýju í samskiptum foreldra og barna. Með þessu sýndu foreldrar að þeir gætu haft áhrif á lestrarvenjur barnanna. Einnig töldu þeir að nauðsynlegt væri að viðhalda þessum áhuga jafnvel þótt börnin væru orðin læs og hefðu gott aðgengi að fjölbreyttu lesefni. Því er mikilvægt að börn upplifi lestur sem eitt af áhugamálum foreldra sinna og að hann veiti þeim ánægju og skemmtun. Þannig verður lesturinn að sameiginlegu áhugamáli innan fjölskyldunnar (Ágústa Pálsdóttir, 1998, bls. 7-21). Þetta ættu foreldrar drengja að taka sér til fyrirmyndar og nýta bókasöfn og sækja í áhugavert lesefni fyrir þá.

Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á börnum sem byrja snemma að lesa sýna að sterk tengsl eru á milli umhverfi ritmáls og lestrarnáms. Lesturinn er hluti af umhverfinu og foreldrar þeirra líta á sögulestur sem stóran þátt í uppeldinu. Lesið var reglulega fyrir börnin en einnig spiluðu gæðastundir með fjölskyldumeðlimum stórt hlutverk í lestrarþróuninni. Börnin höfðu greiðan aðgang að fjölbreyttu bókaúrvali sem höfðaði til lestrargetu þeirra, bæði á heimilum og bókasöfnum. Foreldrar barnanna kenna þeim ekki beint að lesa heldur leggja þeir frekar áherslu á samtöl við þau og svara þeim spurningum sem tengjast ritmálinu. Það hjálpar börnunum að uppgötva að ritmálið hefur merkingu (Vacca o.fl., 2000, bls. 76).

Hafa ber í huga að viðhorf foreldra drengja til lesturs geta haft áhrif á lestur þeirra og hversu nauðsynlegt það er fyrir þá að sjá foreldra sína nota ritmálið á fjölbreyttan hátt. Í rannsókn Ágústu Pálsdóttur kemur fram kynjamunur í niðurstöðum hennar og tengjast þær skipandi foreldrum sem taka ákvörðun um hvað börn lesa og vilja að lesefnið hæfi

þeirra þroska. Í þeim tilfellum var takmarkað aðgengi að lesefni, lesturinn ekki áhugamál foreldra og því takmarkaðar samræður sem mynduðust um lesefni barnanna. Þeir voru í öllum tilfellum foreldrar drengja og gæti jafnvel skýrt margar niðurstöður rannsókna sem sýna að drengir lesa minna en kynsystur sínar (Ágústa Pálsdóttir, 1998, bls. 18-20).

### 3.1 Barnabækur

Þegar kemur að lestri barna eru foreldrar mikilvægar fyrirmyndir og það sem skiptir máli er þeirra viðhorf sem er kveikjan að jákvæðri upplifun og áhuga (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000, bls. 44). Barnabækur er vænleg leið til að vekja lestraráhuga og þær geta einnig þjónað sem góð æfing í lestri. Þegar kemur að úrvali bóka þá er gott að hafa það fjölbreytt (Dagný Kristjánsdóttir, 2005, bls. 18-19). Barnabækur sýna persónur sem takast á við margskonar reynslu og tilfinningar en líka jákvæða og neikvæða hegðun. Með þetta að leiðarljósi gefst gott tækifæri til að skapa möguleika til umræðna við og með börnum og eykur það í leiðinni skilning þeirra á hvaða hegðun er ráðandi í samfélagi þeirra (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006a, bls. 22).

Gunnar Helgason og Kristín Helga Gunnarsdóttir hafa verið vinsælir rithöfundar hjá drengjum jafnt sem stúlkum og hafa þau ólíkar nálganir þegar kemur að bókaskrifum. Því var áhugavert að leita svara hjá þeim þar sem þau eru framarlega í útgáfu barnabóka í dag. Skrif þeirra hafa vakið áhuga drengja og hefur Gunnar skrifað fótboltabækur sem hafa notið mikilla vinsælda hjá drengjum. Kristín Helga hefur einnig skrifað bækur sem hafa notið vinsælda hjá báðum kynjum til að mynda *Móa hrekkjusvín* og *Fíusól*. Drengir hafa sýnt fjölbreyttum skrifum hennar áhuga, hvort sem aðalpersónur hennar eru drengir eða stúlkur. Viðtal var tekið við Gunnar en Kristín Helga fékk sendan spurningalista á tölvupósti og fengust fullnægjandi svör frá báðum rithöfundum. Leitað var eftir skoðunum þeirra á lestraráhuga drengja og hvort þau gætu getið sér til um ástæðu minnkandi lestraráhuga þeirra. Einnig var spurt hvort þau skrifuðu sérstaklega með drengi í huga og hvort skrifað væri á sérstöku máli sem höfðaði til barna. Það kemur fyrir að höfundar vilja senda ákveðin skilaboð eða boðskap með skrifum sínum og því var leitað svara hjá þeim við þeirri spurningu líka.

Gunnar Helgason reynir, að eigin sögn, að forðast flókin orð í sínum skrifum og styður sig frekar við talmál og samtöl. Hann telur það þó galla því tungumálið þróast hratt og þar með úreldist textinn fyrr. Honum finnst gaman að reyna að skrifa „[...] ekki eins og fimmtugur kall heldur eins og krakkar tali“ (Gunnar Helgason, munnleg heimild, 16. febrúar 2015). Kristín Helga Gunnarsdóttir talar um að hún spyrji sig stundum að því þegar hún skrifar hvort hún notist við of flókin orð eða hvort textinn sé nógu skemmtilegur. Hún freistast til að einfalda mál sitt ekki um of en telur að börn skilji oft meira en fullorðnir geri

ráð fyrir. Hún reynir að skrifa ekki á neinu sérstöku máli fyrir börn, heldur leitast við að fá flæði í sögurnar sínar og styrkleika. Jafnframt leggur hún upp með stuttar, snarpar setningar sem eru hnitmiðaðar en þannig nær hún þeim markmiðum sem hún setur sér með sínum skrifum (Kristín Helga Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 29. mars 2015).

Þegar forvitnast er um hvort þessir tveir höfundar skrifi bækur sérstaklega fyrir drengi frekar en stúlkur þá segist Gunnar hafa byrjað að skrifa bækur um drengi í fótbolta til að höfða til yngri sonar síns sem hafði sæmilegan áhuga á þeirri íþróttagrein. Eldri bróðir hans varð afhuga bókum um 11 ára aldurinn og sagði „að það væri ekkert sem höfðaði til hans“ þar sem hann var búinn að lesa þær bækur sem hafa verið vinsælar undanfarið svo sem *Skúla Skelfi*, *Dagbók Berts*, *Dagbók Kidda Klaufa* og *Kaftein Ofurbrók*. Bækurnar eru allar þýddar og eru ekki skrifaðar með íslenskan veruleika í huga. Gunnar telur að bækur fyrir íslensk börn þurfi að gerast á Íslandi og að þær fjalli um íslensk börn í íslenskum aðstæðum því það sé ómetanlegt fyrir þau að lesa um þær aðstæður sem þau þekkja af eigin raun. Markmið hans með fyrstu fótboltabókinni var þannig að skrifa bók sem drengir myndu frekar lesa en svo dýpkaði boðskapurinn og varð dramatískari með hverri bókinni svo tilgangurinn var farinn að snúast um meira en lestur (Gunnar Helgason, munnleg heimild. 16. febrúar. 2015).

Kristín Helga segist ekki skrifa sérstaklega fyrir drengi heldur hafi hún bæði kynin í huga og einbeiti sér að því að skrifa skemmtilegar barnabækur. Hún vísar í sína fyrirmynd, *Línu Langsokk* sem „höfðar til allra, segir báðum kynjum að stíga úr hjólfarinu, skoðar sig um, segir að hvítt sé svart og ögrar stöðluðum gildum“. Hún leggur sig fram um að skrifa bækur sem höfða jafnt til stúlkna sem drengja og vill brjóta kynja- og aldursmúra. Hún vill ekki kyngreina bókmenntir fyrir börn þar sem það er sérleg og viðurkennd fræðigrein að flokka ritverk og skilgreina skapandi hugsun. Þótt *Fíasól* sé um stelpu og *Mói hrekkjusvín* um stráka þá er vel hægt að halda því fram að fyrrnefnda bókinn sé skrifuð sérstaklega fyrir stráka og að sú síðarnefnda sé sniðin að stúlkum í tilraun til að skilja og sameina reynsluheima beggja kynja og brjóta niður þessa gömlu múra. *Harry Potter* er lesefni sem höfðar jafnt til drengja og stúlkna og bækurnar eru skrifaðar með það í huga. Þegar upp er staðið snýst þetta um að sagan sem lesin er sé nógu góð og vekji áhuga lesandans. Þegar bókinn um *Binna og Móa* kom út í kringum árið 2000 var talað um að stúlkur læsu allt en drengirnir læsu einungis það sem væri „strákalegt“. Kristín Helga veltir því fyrir sér hvort höfundar eigi að eltast við þessar ímyndir eða streitast á móti þeim án þess að gefa okkur niðurstöðu við þeim vangaveltum (Kristín Helga Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 29. mars 2015).

Það var forvitnilegt að heyra hvaða ástæður rithöfundarnir teldu að lægju á bak við minni lestraráhuga drengja en stúlkna. Kristín Helga telur að tíðarandinn hafi strax áhrif í frumbersku; að hann segi börnum hvernig þau eigi að vera og hvað þau eigi að gera. Hann móti fólk ómeðvitað í vöku og draumi. Ef barni er til að mynda tjáð nógu oft hversu lélegt það sé í einhverju ákveðnu fagi, til dæmis stærðfræði, þá eru miklar líkur á því að það leggi sig aldrei eins fram í henni og ef það hefði hlotið ómælda hvatningu. Að sögn Kristínar Helgu getur tíðarandinn verið mótherji á öllum tímum og að slegist sé við hann til að þroskast og læra á lífið sjálft (Kristín Helga Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 29. mars 2015).

Kristín Helga telur að hægt sé að snúa þessari þróun við ef allir leggist á eitt og vinni saman bæði á lands- og heimsvísu. Hún telur að endurskoða þurfi grunnskólakerfið því það sé lykillinn, grasrótin, kjarninn og uppsprettulindin. Hún telur að umbylta þurfi því hugarfari sem þar fer fram og kenna skapandi hugsun, frumkvæði, heimspeki, lifandi sagnfræði, heimilisrekstur og landafræði í gegnum leiklist, bókmenntir og tónlist. Jafnframt eigi að kveikja elda, finna glæðurnar og blása í þær frá tveggja ára aldri barna. Það eigi að vera í höndum foreldra, fyrirtækja og stofnana að vera virkari í uppeldi barna og uppfræðslu því eitt af mikilvægustu störfunum sé að koma framtíðarfólkinu á legg. „Lestur er lykillinn að lífsgæðum og enn hefur ekkert verið fundið upp sem þroskar mannshugann og örvar á sama hátt og lestur“ (Kristín Helga Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 29. mars 2015). Gunnar Helgason tekur í sama streng með grunnskólakerfið og segir að „lesturinn eigi að vera töff eins og vísindi eru allt í einu orðin eitthvað töff með *Vísinda Villa* og *Ævari vísindamanni*. Það sem vantar er að gera lesturinn meira kúl“ (Gunnar Helgason, munnleg heimild. 16. febrúar 2015).

### 3.2 Innihald barnabóka

Fullorðið fólk getur haft ákveðna mynd í huga þegar kemur að barnabókum og hinni fullkomnu sögu. Bókasmekkur kaupenda og lesenda þeirra getur verið misjafn en einnig skilningur og mat á þeim. Það liggur í höndum foreldra og kennara að vanda val á lesefni og taka eftir nýjungum í þróun barnabókmennta. Gott tækifæri gefst heima fyrir til að fræða börn um samfélagið með vönduðum barnabókum sem hvetja þau til umhugsunar og þroska hugann. Áhrif hinna fullorðnu geta þó skemmt fyrir lestrarvenjum barna ef bækur eru til að mynda opnaðar af áhugaleysi og lítið skoðaðar. Þannig geta börn orðið af góðu tækifæri til uppbyggjandi umræðna og gagnrýnna samræðna (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2006, bls. 38-42). Þó bókasmekkur fólks sé misjafn þá er æskilegt að hafa áhugasvið drengja jafnt sem stúlkna í huga þegar kemur að bókakaupum til að efla lestraráhuga.

Innihald barnabóka getur nánast verið hvað sem er en krafa samfélagsins er að bækurnar séu fyrst og fremst skemmtilegar. Efnið getur verið fræðilegt, farið inn á tilfinningaleg málefni og haft uppeldislega sýn á siðferði og hegðun, svo eitthvað sé nefnt. Það sem skilur myndabækur frá öðrum barnabókum er að skilningur næst með samhengi mynda og texta. Þó þessir tveir þættir hafi ólíku hlutverki að gegna þá fást engu að síður heildaráhrif með samspili þeirra beggja og úr verður skemmtileg saga sem vekur áhuga barna til að leggja við hlustir og skoða myndir (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2005, bls. 34-35). Mikilvægt er að þeir sem koma að uppeldi og menntun barna hafi þekkingu á barnabókum og á það við leikskólakennara sem og aðra. Sú þekking sem kennari býr yfir getur haft áhrif á þann bókakost sem leikskólanum áskornast. Reynsla og áhugi kennarans getur einnig komið að góðum notum þegar hugað er að því hvernig bókum er komið fyrir í skólum, hvernig nýting þeirra er, hversu vel lestrarstundir takast og síðast en ekki síst, hversu vel tekst að laða börn að bókum og í leiðinni að ala upp bókaorma (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006a, bls. 25-26). Þetta hlutverk ætti að vera samvinnuverkefni heimilis og skóla þar sem haft er í huga að bækur sem lesnar eru höfði til drengja.

Rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á innihaldi barnabóka samhliða lestri og var ein slík gerð af Andreu Gerði Dofradóttur, Kristínu Erlu Harðardóttur og Friðriki H. Jónssyni (2006). Þar voru tekin rýnihópaviðtöl við börn á aldrinum tíu til fimmtán ára og leitast var við að skoða hversu mikið börnin lásu og hvert innihald bókana var. Yngri börnin í rannsókninni, tíu til tólf ára, sögðu að lestur þeirra næði til tveggja bóka í einu, önnur tengdist náminu og hin væri meira lesin heima og tengdist það áhugasviði þeirra. Einn drengur lét eftir sér að hann læsi „[...] mest af skóladótinu“ en einhverjir í hópi nemenda lásu þó fleiri bækur að jafnaði á viku. Einkennandi var á svörum drengja að þeir virtust grípa til bókalesturs þegar þeir hefðu ekkert annað að gera eða veikindi herjuðu á þá. Skólinn virtist vera ráðandi um lesefni barnanna. Sum börnin lásu fyrir svefninn og töldu það hafa svæfandi og róandi áhrif á sig á meðan aðrir voru of þreyttir til að lesa. Algengara var að lesturinn færi fram yfir vetrartímam þar sem sumrin einkenndust af meiri útiveru (2006, bls. 9–11).

Í rannsókninni var einnig skoðað hvers kyns bækur börnin lásu og voru spennubækur þar efst á baugi hvort sem um rætt var við stúlkur eða drengi. Teiknimyndasögur, Andrésblöð ásamt *Syrpum* voru einnig ofarlega á vinsældarlistanum. Flestir drengjanna á aldrinum tíu til tólf ára höfðu lesið *Harry Potter* bók og margir hverjir höfðu lesið flestar þeirra. Hins vegar nefndu drengir að þeir kysu frekar að horfa á kvikmyndir gerðar eftir bókunum heldur en að lesa þær. Þeir drengir tilheyrðu hópi sem lásu lítið fyrir utan skólabækur. Rannsakendur komust að því að það sem einkenndi muninn á eldri og yngri



nemendum þegar kom að vali á lestrarefni var að þeir fyrrnefndu væru farnir að lesa spennusögur er tilheyrðu fullorðnum. Þegar kom að spurningum um lestraráhuga þeirra og hvaðan hvatningin kæmi þá sögðu margir nemendur að mæður væru þeirra helsti hvatningaraðili. Aðrir töluðu um að skólinn, starfsfólk skólabókasafna og kennarar væru leiðandi í hvatningu þeirra að bókalestri (Andrea Gerður Dofradóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Friðrik H. Jónsson, 2006, bls. 12, 16).

### 3.3 Bókatíðindi

Þegar bókatíðindi síðastliðinna fimm ára eru borin saman eru þar bæði íslenskar og þýddar bækur sem höfðað gætu frekar til eldri drengja í leikskóla og þeirra sem eru í yngri deildum grunnskóla. Þar er að finna bókina *Grallarar í gleðileit* eftir Björk Bjarkadóttur sem fjallar um upptekna móður sem hættir að brosa. Tolli og Toddi leggja af stað í leit að einhverju sem gæti glatt hana og fengið hana til að brosa á ný (Bókatíðindi, 2010, bls. 2). Flestir hafa heyrt sögur af stráknum sem býr einn með föður sínum en *Einar Áskell og allsnægtapokinn* eftir Gunillu Bergrstöm er nýjasta bókina um þennan uppátækjasama strák. Bókin er með ævintýrablae en þar er Einar Áskell kóngur í stóru landi þar sem uppreisn er í vændum frá þegnum hans. Einar Áskell er ósáttur við þabba sinn sem segir að ævintýrið hafi ekki gerst í raun og veru, en hann veit kannski ekki allt (Bókatíðindi, 2011, bls. 30). Í bókinni *Gummi fer á veiðar með afa* eftir Dagbjörtu Ásgeirsdóttur er sagt að margir drengir hafa gaman af að fara á veiðar. Bókin fjallar um Gumma sem fer á grásleppuveiðar með afa sínum þar sem hann kemst að því að sæskrímsli eru til (Bókatíðindi, 2012, bls. 4). Afar geta vel verið góðar fyrirmyndir og oft er gaman að eyða stundum með þeim, líkt og í bókinni *Hvernig passa á afa* eftir Jean Reagan. Þar segir frá ungum dreng og hans ráðum til að hafa ofan af fyrir afa í heilan dag. Gefin eru ráð um hvað sé hægt að gera þegar afa þreytist, eða þegar farið er með hann í gönguferð (Bókatíðindi, 2014, bls. 24).

Ef litið er á þær bækur sem komið hafa út síðastliðin ár og geta höfðað til drengja í yngri bekkjum grunnskóla þá er nokkuð jafnt á með íslenskum og þýddum verkum. Vert er að taka sem dæmi bókina *Dagbók Kidda klaufa 2, Robbi rokkar* eftir Jeff Kinney. Í þessari bók heldur Kiddi áfram að halda dagbók og segir frá lífi sínu bæði í máli og myndum. Nú er það stóri bróðirinn, hann Róbert, sem gerir allt til að pirra bróður sinn sem mest (Bókatíðindi, 2010, bls. 31). Bækurnar um Kidda hafa verið vinsælar hjá þessum aldri en einnig sögurnar af Skúla. Bókin *Skúli skelfir fer í frí*, eftir Francescu Simon segir frá sumarfríi Skúla sem er ekki alveg eins og hann hefði óskað sér (Bókatíðindi, 2010, bls. 52). Bókin hentar vel fyrir þann sem er að æfa sig í að lesa því hún er léttlestrarbók með stóru lettri.

Margir drengir hafa mikinn áhuga á fótbolta. *Víti í Vestmannaeyjum* eftir Gunnar Helgason er spennandi fótoltasaga um markalaus mörk ásamt snöggum framherjum, skapvondum skipstjóra, lögreglumanni sem lýgur og alvarleg vandamál sem eiga sér stað þrátt fyrir að fótoltamót sé í gangi (Bókatíðindi, 2011, bls. 22). Að síðustu er það *Mói hrekkjusvín, Kúreki í Arisóna* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Sagan segir af Móa, eyrnastórum götustrák og hrekkjusvíni sem fær óteljandi hugmyndir, sumar frábærar en margar mun síðri. Hans besti vinur er Byssu-Jói, íturvaxinn leynikúreki sem er umfram allt öflugur verndari (Bókatíðindi, 2013, bls. 8). Allt eru þetta áhugaverðar bækur sem fjalla um drengi og ævintýri þeirra.

## 4 Leikskólinn

Leikskólinn er upphaf menntagöngunnar og flestir foreldrar nýta sér þann valkost að treysta starfsfólki hans fyrir mikilvægum árum í þroska barna sinna. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að leikskólakennarar og leiðbeinendur eigi að vera góðar fyrirmyndir í starfi og leiðandi í uppeldi og menntun barnsins. Ákjósanlegt er að starfsfólk fylgist með nýjungum, miðli þekkingu sín á milli og skipuleggi námsumhverfið á þann veg að börn geti notið bernsku sinnar á sem gæfuríkastan hátt (2011, bls. 31). Í annarri grein laga um leikskóla styður það sem fram kemur í Aðalnámskránni en þar segir:

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar(Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Aðalnámskrá leikskóla bendir jafnframt á að börn eigi að fá tækifæri til að efla styrkleika sína og þroska sem eykur trú á sjálfið og styrkir í leiðinni námsáhuga þeirra. Því þurfa viðfangsefnið að vera áhugamiðuð. Leikskólanum ber að skapa aðstæður þannig að börn geti notið þess að hlusta á sögur ásamt ævintýrum, þulum og ljóðum og prófa sig áfram við að semja slík verk. Til að börn öðlist skilning á hinu ritaða máli þarf viss þróun að hafa átt sér stað á læsi í víðtækri merkingu, táknum þess og hlutverki (2011, bls. 33-43). Leikskólinn hefur því mikilvægu hlutverki að gegna í að byggja góðan grunn til að vekja strax í upphafi áhuga drengja á lestri bóka.

Það er þó í höndum samfélagsins að vinna að því að ala upp bókaorma og þar gegna foreldrar mikilvægu hlutverki en á yngri árum barnsins geta leikskólakennarar verið þeirra stoð og stytta í þeim málum. Því þarf að standa vel að bókakaupum leikskóla en það getur tekið langan tíma að byggja upp gott og vandað bókasafn sem hefur fjölbreytni að leiðarljósi. Nauðsynlegt er að hafa bækur aðgengilegar og sýnilegar inni á deildum leikskóla þannig að þær séu aðgengilegar börnum og endurraða þarf reglulega í hillum. Ef vel tekst til getur leikskólinn vel stuðlað að því að ala upp góða bókaorma. Fjölbreyttur efniviður barnabóka getur aukið þekkingu barna á því sem gerist í umheiminum og eflt vitneskju þeirra í leiðinni. Með því getur ímyndunarafli þeirra styrkst og endurspeglast í leik þeirra með könnunarleiðangri (Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, 2006a, bls. 19-26). Þær

bækur sem ætlaðar eru til notkunar á leikskólum eru flestar myndabækur. Ein fyrsta reynsla barna af bókmenntum er bæði tengd orð- og myndlist og er góð til að kveikja áhuga á myndrænni list, lestri og bókmenntum (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006a, bls. 20). Leikskólakennarar ættu að huga að því að tengja sköpun í leikskólastarfi við barnabækur til að eiga möguleika á því að efla sjónrænan lestur drengja sem getur kveikt frekari áhuga þeirra á bókum.

Einn af dýrmætustu efniviðum leikskólans eru barnabækur og geta þær nýst á margvíslegan hátt í starfinu. Barnabókmenntir hafa ákveðið gildi hvort sem er í menntunar- eða menningarlegu tilliti. Auðvelt er að nota bækur og nauðsynlegt er að tengja þær við námssvið leikskólans. Barn á að venjast bókum og líta á að þær séu sjálfsagður þáttur í þekkingarleit og skemmtun (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006a, bls. 19:27). Leikskólinn og foreldrar eiga því verðugt verkefni fyrir höndum í uppeldi sínu með því að kynna fyrir börnum fjölbreyttan bókakost. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir (2006a) leggur til að lestrarstundir eigi að veita skemmtun í ró og næði þar sem lítið er um umgang og aðra truflun. Ekki er talið gott að fylla upp í tíma með lestri bóka til dæmis þegar verið er að bíða efir matartíma eða í miðjum klósettferðum. Undirbúa þarf lestrarstundir og vanda þarf val bóka sem höfða til barnanna. Lesandi þarf að vera kunnugur efninu til að ná góðri athygli barna með því að sýna þeim bókakápuna og ræða heiti hennar (bls. 29-30). Hér er gott að hafa í huga að vera vel á verði gagnvart áhuga drengja á þeim bókum sem lesnar eru í lestrarstundum og vera vakandi yfir því hvort þeir séu að fylgja með.

#### **4.1 Bernskulæsi**

*Bernskulæsi* (e. emergent literacy) er notað um læsisþekkingu barna á leikskólaaldri og er skilgreint sem ákveðin þekking, færni og viðhorf sem er undanfari eiginlegs lesturs og ritunar og er notað um læsisþekkingu barna á leikskólaaldri. Í því felst skilningur á hugtökum sem tengjast læsi og tekur til helstu læsisþátta, til að mynda hljóðkerfisvitundar, orðaforða, umskráningar, bókstafsþekkingar, málskilnings og ritunar. Með bernskulæsi mótast viðhorf til læsis og vitundin um hver tilgangur þess er. Börn byggja upp sína þekkingu með því að uppgötva ritmálið í samskiptum í málhvetjandi umhverfi. Þannig afla börn sinnar bakgrunnsþekkingar á læsi án þess að hafa náð færni í að lesa sjálf (Gunn, Simmons og Kameenui, 1995, bls. 26-27). Framlag leikskólans til lestrarnáms er jafnframt mikilvægt. Góður orðaforði og málskilningur ásamt hljóðavitund eru þeir þættir sem eru hvað mikilvægastir í lestrarnámi barna og þess vegna skiptir máli að leikskólinn vinni vel að þeim. Því er mikilvægt að lesa reglulega fyrir börn og að hætta því ekki þótt barn hafi náð tökum á lestri og ritun. Í upphafi lestrarnáms barna er texti

þeirra einfaldur hvort sem um er að ræða form eða efni. Þegar á þessu skeiði stendur er því mikilvægt að lesa fyrir þau texta sem er sniðinn að þroska barnsins og skilningi (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006b, bls. 12).

Þegar skoðað er hvort drengir á leikskólaaldri hafi aðra sýn á lestur og bókmenntir en stúlkur er áhugavert að rýna í rannsókn Lever-Chain (2008) þar sem viðhorf fimm ára drengja til lesturs var metið. Niðurstöðurnar sýndu fram á neikvætt viðhorf þeirra til lesturs og löngunar til að lesa. Einnig komu í ljós tengsl á milli hæfni og hugtaka en þeir áttu erfitt með þá þætti. Drengjunum sem tóku þátt í rannsókninni fannst ákjósanlegra að lesa stuttar og auðveldar bækur en þær sem lengri voru því þær reyndust þeim erfiðari. Neikvæðni drengjanna virtist jafnframt stjórnað af áhugaleysi þeirra til lesturs því þeir litu á hann sem skyldunám sem stjórnaðist af hinum fullorðnu. Áhugavert var að sjá að drengirnir litu á skólann sem stað er þvingaði þá til að gera hluti sem þeir vildu ekki gera (2008, bls. 89-109). Þessi rannsókn sýnir enn og aftur fram á það að drengir kjósa frekar að lesa styttri og auðveldari bækur. Þeir virðist finnast námsefnið þrúgandi og erfitt.

#### **4.2 Notkun barnabóka á heimilum.**

Foreldrar geta gert ýmislegt til að efla áhuga ungra drengja frekar á lestri bóka. Í rannsókn sem Þórdís Þórðardóttir (2013) gerði um notkun barnabóka á heimilum barna sýndu niðurstöður að á nokkrum þeirra var bókakostur af skörnum skammti eða einungis tíu bækur eða færri og því miður eru til heimili þar sem fáar eða engar bækur eru til. Það er áhugavert að skoða rannsókn hennar í heild sinni þar sem 115 foreldrar fjögurra til fimm ára barna í fjórum leikskólum í Reykjavík voru beðnir um að svara spurningalista um notkun barnabóka, tölvuleikja, mynddiska og sjónvarpsefnis fyrir börn á heimilum. Svarhlutfall rannsóknarinnar var 70,4% og sýndu niðurstöður að þótt lesið væri upphátt fyrir börn heima þá nýttu þau frekar tíma sinn í mynddiska- og sjónvarpsáhorf en að hlusta á upplestur. Þegar kom að vali foreldra á barnaefni kom í ljós að kyn þeirra virtist hafa áhrif á áhorfstengt efni því ofurhetjusögur og teiknimyndir voru oftast valdar fyrir drengi. Hins vegar voru ævintýri um prinsessur og ýmis iðja tengd bóklestri valin fyrir stúlkur. Niðurstöður sýndu ennfremur að foreldrar drengjanna töldu tölvur vera mikilvægar fyrir framtíðarmenntun þeirra umfram foreldra stúlkna. Spurningar Þórdísar náðu einnig til bókaeignar heimilisins og umgengni við þær (bls. 162).

Flestir foreldrar í rannsókn Þórdísar töldu sig lesa fjórum til sjö sinnum í viku fyrir börnin sín. Þegar litið var til fjölda barnabóka inni á heimilum sýndu niðurstöður að 65% foreldra sögðu að til væru fleiri en 40 barnabækur, á tólf heimilum voru tíu bækur eða færri og á þremur heimilum voru ekki til neinar bækur. Að síðustu töldu 90% foreldra að börn sín hefðu gaman af að hlusta eða að láta lesa fyrir sig sögu. Drengir voru í meirihluta

Þegar kom að teiknimyndasögum, yndislestri og voru iðnari við lestur blaða. Þegar foreldrar voru beðnir um rökstuðning um mikilvægi lesturs þá töldu 51 af þeim 74 sem svöruðu að upplestur væri mikilvægur til að efla málþroska, málskilning, auka orðaforða og færni í samtölum. 35 þeirra fannst lesturinn skapa nánd og auka tengsl en eingöngu 12 foreldrar töldu hann vera góðan undirbúning fyrir lestrarnám. Einungis sjö aðilar tengdu lestur við slökun og vellíðan. Það sem var hvað mest sláandi við niðurstöðurnar var að eingöngu tveir þátttakendur telja að lestur hjálpi til við þróun sjálfsmyndar barna (Þórdís Þórðardóttir, 2013, bls. 167-170). Samkvæmt þessum niðurstöðum ættu drengir ekki að vera að fá tilsettan orðaforða þar sem þeir lesa frekar teiknimyndasögur og blöð í stað bóka sem taldar eru hafa fjölbreyttara orðainnihald.

Mikilvægi þessara niðurstaðna Þórdísar koma fram í viðamikilli könnun Ragnheiðar Briem á aðferðum sem notaðar voru í móðurmálsfræðum í Bandaríkjunum því þær sýndu að ef lesið var fyrir ung börn þá eflði það málþroska þeirra og hafði áhrif á námsárangur síðar meir. Því oftast sem lesið var fyrir börnin því betri var árangurinn. Ragnheiður nefnir að með daglegum lestri með börnum allt frá unga aldri sé jafnvel hægt að ná sambærilegum árangri og með þúsund sérkennslustundum í skóla. Könnun hennar sýndi að þau börn sem lesið var fyrir voru lengra komin hvað orðaforða og setningarskipan varðaði, þau áttu auðveldara með að semja sögur frá eigin brjósti og spinna frásögn. Jafnframt er þar nefnt að endurtekning stuðli að aukinni þjálfun barna í málnotkun og efla hæfni þeirra til náms. Því er vert að beita henni í daglegu starfi með börnum á leikskólaaldri (Ragnheiður Briem, 1996, bls. 8). Mikilvægt er að huga vel að því þegar barn fer úr leikskóla yfir í grunnskóla. Það þarf að fá tækifæri til að takast á við komandi verkefni en umfram allt að halda í sínar gömlu venjur og byggja ofan á eigin þekkingu og reynslu (Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 172).

### **4.3 Skil á milli skólastiga**

Í Aðalnámskrá leikskóla er þess getið hversu brýnt það er að flutningurinn úr leikskóla í grunnskóla sé farsæll. Hann krefst mikils undirbúnings hvort sem um er að ræða lok leikskólans eða upphaf grunnskólans. Skólaganga barna á að stjórnast af samfelldri heildarmynd og það nám sem barnið hefur lært á fyrri skólastigum á að geta nýst þeim á því næsta. Það eitt að ljúka leikskólanámi og hefja grunnskólagöngu hefur miklar breytingar í för með sér, bæði fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Því er mikilvægt að það nám sem fram fer í grunnskólanum byggi á þeirri reynslu sem barnið býr að því þannig skapast öryggi með nýjum námstækifærum. Sú þekking sem börnin hafa öðlast í leikskólanum verður að vera grunnurinn í náminu sem hefst í grunnskólanum um leið og börnin takast á

við verkefni sem eru ögrandi til að ná fram dýpri reynslu. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir á milli skólastiganna og það er í þeirra höndum að sjá til þess að allar mikilvægar upplýsingar komist til skila þegar barnið flyst á milli skólastiga (2011, bls. 50-51).

Það er margt sem foreldrar drengja og stúlkna þurfa að hafa í huga þegar þessar miklu breytingar verða í lífi þeirra og má þar nefna ytri umgjörðina en húsnæði grunnskólans er oft mjög ólíkt því sem börnin hafa vanist í leikskólanum. Bygging grunnskólans er oft töluvert stærri og kennslustofur frábrugðnari því sem bæði kynin hafa vanist á deildum leikskólans. Í grunnskólanum eru samskiptin oft flóknari því þar eru til að mynda fleiri nemendur en í leikskólanum. Mesta breytingin er hins vegar sú að þeir eru að koma úr umhverfi þar sem þeir hafa verið elstir í einhvern tíma yfir í að vera í hópi yngstu nemenda grunnskólans (Jóhann Einarsdóttir, 2007, bls. 67). Foreldrar og starfsfólk grunnskólans ættu að huga vel að drengjum og stúlkum í upphafi grunnskólagöngu þannig að þau finni öryggi og efli jákvæðni og áhuga.

## 5 Grunnskólinn

Aðalnámskrá grunnskóla minnir á mikilvægi þess að skólar hugi vel að áhuga hvers nemanda og taki tillit til hans. Kennurum ber hins vegar að stuðla að því að hver og einn einstaklingur nái sem mestum framförum í sínu námi miðað við gefnar forsendur. Því þarf að hafa í huga að persónugerðir eru ekki einungis ólíkar heldur einnig hæfileikar, þroski, geta og áhugasvið hvers og eins (2011, bls. 20-42). Við yfirferð nýju námskrárinnar kom í ljós að ekkert er hugað að hugtökum eins og lestraráhuga, yndislestri eða frjálsum lestri heldur er meira einblínt á áhuga almennt (Aðalnámskrá, 2013). Þetta er áhugavert því þegar í skóla er komið þá skiptir mestu máli að nemendur nái góðum tókum á lestri og að bækur séu aðgengilegar, bæði á bókasafni skólans og í skólastofunni (Hlín Helga Pálsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir og Helga Sigurmundsdóttir, 2011, bls. 9).

Hægt er að glæða lestraráhuga drengja og stúlkna með því að lána þeim bækur heim. Þau læra þannig að umgangast þær og fá tækifæri til að efla kynni sín við hinar ýmsu bókmenntir, ljóð og sögur. Það þykir æskilegt að drengir og stúlkur eigi möguleika á að sinna vinnu með öðrum en einnig sem einstaklingar, að þeir geti þjálfað færni sína í umræðum um bækur og deilt upplifun sinni með bekkjarfélögum. Það er gaman fyrir bæði kynin að fá færi á því að þjálfa framsögn og skilning með því að nota leikbrúður, búninga og leikmuni í skólastofunni en þannig geta þau endursagt sögur og ljóð með leikrænum hætti. Í lestrarvænu umhverfi er hægt að hvetja nemendur til að deila sínum eigin sögum sem þeir hafa samið svo þeir venjist því að hlusta á upplestur hvort sem er frá bekkjarfélögum eða kennurum (Hlín Helga Pálsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir og Helga Sigurmundsdóttir, 2011, bls. 9). Drengir virðast þrífast vel í kennslu þar sem fjölbreyttar kennsluáferðir eru notaðar og ættu kennarar að hafa það í huga við skipulagningu skólastarfsins.

### 5.1 Lestrarkennsla

Lestrarkennsla samanstendur af mörgum þáttum sem hafa bæði áhrif á hana sjálfa og lestrarnám almennt. Hjá hverjum einstaklingi snýst lestur um líffræðilega þætti eins og athygli, áhuga, sjón, heyrn, mál- og vitsmunapróska og sjálfsmynd. Umhverfis- og



félagsþættir hafa einnig áhrif og spila aðstæður á heimum, viðhorf til lestrar þar, lestrarfyrirmyndir, hvatning, kennarinn, vinir, kennsluaðferðir og aðstæðurnar í kennslustofunni stórt hlutverk (Þóra Kristinsdóttir, 2009, bls. 8). Á fyrstu árum í grunnskóla er því áhrifaríkast að kennarar beini lestrarkennslu að þáttum sem rannsóknir sýna að hafa gefið góðan árangur hjá börnum í lestri síðar á lífsleiðinni. Um er að ræða hljóðkerfisvitund, umskráningu, lesfimi, orðaforða og lesskilning. Lestrarkennslan þarf einnig að efla orðaforða og málskilning því þessir tveir þættir hafa áhrif á málnotkun barna og í framhaldinu lesskilning ef tjáning er ekki í lagi. Ónægur lesskilningur er ein af orsökum lélegs árangurs á prófum og því þarf að vinna í undirbúningi flókinna og fræðilegra texta með yndislestri á fagurbókmenntum (Steinunn Torfadóttir e.d.-c).

Mikilvægi lestrarkennslunnar er ekki eingöngu á yngsta stigi grunnskólans heldur einnig á efri stigunum hans þar sem kennari sinnir mikilvæga hlutverki. Hann hefur það vald að meta lestrarfærni hvers og eins og finna leiðir sem hver og einn getur stutt sig við á áframhaldandi vegferð (Hlín Helga Pálsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir og Helga Sigurmundsdóttir, 2011, bls. 9). Því er verðugt verkefni fyrir kennara að taka á móti börnum sem í upphafi eru full eftirvæntingar að hefja lestrarnám. Þó er ekki hægt að ganga út frá því vísu að öll börn séu jafn áhugasöm eða hafi gott úthald ef bóklestur er ekki gerður eftirsóknarverður (Ragnheiður Gestdóttir, 2009a, bls. 81). Fisher (2001) lítur svo á að drengir öðlist ekki almenna reynslu í skóla sem hentar námsstíl þeirra og vilja (2001, bls. 33). Til þess að stuðla að því að námsreynsla drengja henti námsstíl þeirra og vilja þurfa kennarar að ná snemma til drengja og hafa í forgangi að auka áhuga og kynni þeirra af lestri (Zambo og Brozo 2009, bls. 125). Það skiptir því máli að ná fram lestrarfærni drengja, lesa upphátt fyrst um sinn alla daga og í framhaldinu að lesa í hljóði bækur að eigin vali. Með þessu þjálfast leshraðinn og í framhaldinu eykst lestrargleðin. Það er mikilvægt að fjölbreyttir textar séu fyrir hendi, til dæmis úr fræðibókum, kortum, ljóðum og upplýsandi textum af netinu því þannig eykst lesskilningurinn sem hver og einn þarf að ná (Hlín Helga Pálsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir og Helga Sigurmundsdóttir, 2011, bls. 10).

Það er engu að síður í höndum kennara að ná tökum á þeim árangursríku kennsluaðferðum sem þeir styðja sig við er þeir vinna með drengjum og stúlkum í að ná tökum á lesskilningi. Textar sem kennarar vinna með þurfa að vera áhugaverðir, vel

orðaðir og höfða til vitsmunalegrar getu kynjanna. Það er alltaf hættu á því að einhverjir nái ekki að lesa það efni sem tilheyrir aldri viðkomandi einstaklings og skerðist þá uppbyggingin á orðaforða og þekkingu miðað við jafnaldrana. Því þarf snemmtæk íhlutun að koma til sögunnar til að byggja upp skilninginn og er hún í fjórum þrepum. Í fyrsta lagi byrjar kennari að áætla tíma daglega til að lesa fyrir nemendur innihaldsríkan texta með orðaforða og setningaskipan sem höfðar til færni og aldurs þeirra. Markmið kennarans er að þjálfra hlustun en ekki að svara spurningum. Í öðru lagi vinnur hann með lesskilning og lestur og leggur áherslu á að notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Kennari les til dæmis innihaldsríkan texta fyrir nemendur og útskýrir um leið aðferð sem þeir geta notað til að ná frekar lesskilningi. Í þriðja lagi áætla kennari að nemendur vinni í fámennum hópum eða einir. Því meiri hæfni og ábyrgð sem þeir ná í gegnum hópavinnu því frekari færni öðlast þeir til að vinna sjálfstætt í fámennum hóp. Í fjórða lagi svara nemendur spurningum og notast við umræður (Steinunn Torfadóttir, e.d.-a).

## 5.2 Lestrarhvatning

Það er margt sem hafa má í huga til að vekja lestraráhuga drengja í grunnskólum en umfram allt þarf námsumhverfið að vera hvetjandi. Gott er að skipta skólastofum í ákveðin svæði sem hafa hvert sitt hlutverk, eins og að ákveðinn staður sé fyrir bókahorn og annar fyrir heimakrók. Fyrirnefnda staðinn er hægt að nota í innlagnir, bókaskoðun og til að eiga góða stund og lesa í næði. Ein af áhrifaríku leiðunum til að vekja athygli barna á bókum og um leið áhuga þeirra er að lesa fyrir þau upphátt. Það má vekja eftirvæntingu og forvitni með því að leyfa drengjum og stúlkum að skoða bókakápuna og myndir áður en lestur hefst. Virkja má ímyndunarafli þeirra með því að fá þau til að hugsa um innihald sögunnar. Það styrkir málvitund þeirra og orðaforða sem styður leiðina að góðu lestrarnámi (Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Sif Stefánsdóttir, 2009, bls. 11-12).

Til að auka fjölbreytnina er hægt að leyfa drengjum og stúlkum að hlusta á sögur með I-pod eða MP3-spilara, einnig er hægt að hlusta á efni með geislasplara og fá þau svo til að endursegja söguna og myndskreyta á eftir. Með því efla drengir og stúlkur skilning sinn á gagnsemi tækjanna ef tilgangur þeirra er útskýrður fyrir þeim. Önnur leið er að bjóða þeim upp á námsstöðvar því þá er hægt að skipta kennslurýminu upp og hafa fjölbreytt viðfangsefni á hverri stöð. Kennarinn þarf þá að halda vel utan um verkefnin, fylgjast með

vinnunni, útskýra tilætlun hvers verkefnis og tilgreina tíma á hverri stöð (Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Sif Stefánsdóttir, 2009, bls. 12-15). Tæki og tól er eitt af því sem drengir laðast að og því gæti verið góð hvatningarleið að nýta slíkt í kennslu til að fá þá til að hlusta á námsefni og koma skilningi sínum frá sér í framhaldinu.

Uppáhaldsbókin getur einnig verið lestrarhvetjandi. Hana er hægt að nýta á þann veg að drengir og stúlkur segi samnemendum sínum frá henni, teiknimynd er tengist sögunni og skrá heiti hennar og höfunda á blað. Annað verkefni gæti verið að gera bókahillur þar sem búnir eru til renningar og bókaheitum raðað á. Einnig væri hægt að hafa yfirlit yfir lesnar bækur með laufblöðum sem bæði kynin skrifa heiti bókanna á og gera tré á vegg kennslustofunnar. Það ætti líka að vera vinsælt að fara í vettvangsferð á bókasafn, í bókabúð eða í bókaútgáfu þar sem allir geta upplifað hvernig bækur verða til og unnið með verkefni úr ferðinni. Fyrir nemendur í 3. og 4. bekk væri hægt að halda bókahátíð með lestri áhugaverðra bóka. Jafnvel væri hægt að fá gesti í heimsókn til að lesa upp úr bókum fyrir nemendur, þjálfa þá í að segja sögu eða tengja leiklist við lestrarkennsluna með því að sviðsetja einhver atvik úr sögu og nota til dæmis leikbrúður (Hlín Helga Pálsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir og Helga Sigurmundsdóttir, 2011, bls. 14–15). Það er einnig vinsælt að leyfa nemendum að fara í heimsóknir á skólabókasafnið og ætti það að vera sjálfsagður hluti námsins frá upphafi skólagöngunnar. Börnin læra fljótt að þar er mikinn viskubrunn að finna og skemmtilegar bækur sem þau geta lesið þegar þau hafa náð tök á lestrinum (Ragnheiður Gestsdóttir, 2009, bls. 81–82). Allt eru þetta kennslu- aðferðir sem hægt er að nýta til að vekja frekari náms- og lestraráhuga fyrir bæði kynin.

### **5.3 Lestur er skemmtun**

Aðalnámskrá grunnskóla segir að efla beri gagnrýni og rökhugsun nemenda en einnig skapandi hugsun þeirra og lausnaleit. Þeir þurfa að læra hvernig á að gera sér grein fyrir tilfinningum sínum og hæfni til að bregðast við nýjum aðstæðum (2011, bls. 38). Þannig hélt Jenkins því fram að þegar kennarar veita drengjum frelsi til að velja sér efni til að lesa og skrifa um, veitti það þeim hvatningu í lestri og ritun. Drengjum finnst þeir þá vera mikilvægir og hafa áhrif á námsferil og veitir það aukið traust á milli þeirra sjálfra og kennarans (2009, bls. 161). Drengir skemmta sér við að lesa og skrifa um ýmislegt sem tengist gríni en þeirra kímningáfa getur verið ólík stúlkna. Ef þeir hafa val á því hvernig þeir

nota grín þá býður það þeim líka að taka áhættu, sýna sjálfstæði og standast vald. Þetta er ekki auðvelt því grín krefst greindar og áhugaverð skrif eru sett fram í gegnum háð og glens. Sú ákvarðanataka að leyfa drengjum að ráða og gefa þeim tækifæri til að lesa fyndna texta veitir þeim leið til að þefa uppi grínið og skrifa sjálfir texta sem er þeim hugleikinn og viðheldur áhuga þeirra á áframhaldandi lestri (Fletcher, 2006, bls. 62-68).

Það er umhugsunarvert fyrir skóla og heimili að vinna að því að ala upp bókaorma og ná drengjum í þann hóp. Brynhildur Þórarinsdóttir hafði það að markmiði sínu í rannsókn sinni að leita uppi fyrirmyndarlesendur. Rannsóknin byggði á viðtölum við áhugasama lesendur á aldrinum sjö til ellefu ára sem tóku þátt í námskeiði á Amtsbókasafninu á Akureyri. Stúlkur voru í meirihluta þátttakenda í rannsókninni (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, bls. 572). Allir þátttakendur voru sammála um að það væri mikið lesið á heimilinu. Flestir lásu á bilinu tvær til fjórar bækur á viku en þó voru aðrir virkari og lásu fimm til sjö bækur. Að mati barnanna áttu bækurnar að vera fyndnar og spennandi. *Skúli skelfir*, *Fíasól* og *Ævintýrabækurnar* nutu mikilla vinsælda en einnig voru nefndar *Syrpur* og *Andrésblöð*. Stelpur virtust lesa strákabækur og öfugt og allir töldu að það væri mikilvægt að lesa úr báðum flokkum (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, bls. 573-574).

Börnin lásu mest á kvöldin og ræddu um bækur við vini, vinkonur og mömmu sína en sami hópur virtist gefa hugmyndir að lesefni. Sjálf voru þau með hugmyndir að hvatakerfum handa öðrum börnum sem þyrftu á því að halda að lesa meira. Þeirra hugmynd var að það væri gott að benda á skemmtilegar bækur og þær sem væru ekki eins erfiðar og jafnvel spyrja hvers vegna viðkomandi vilji ekki lesa meira og hafa hvatakerfi með límmiðum. Einn hafði á orði að það væri ekki nóg að hvetja börn til að lesa heldur ætti líka að hvetja fullorðið fólk til þess. Hugmyndir barnanna eru áhugaverðar og vel þess virði að prófa að nýta sér þær til að reyna að gera börn að áhugasömum lesendum svo bæta megi námsárangur þeirra og stöðu í alþjóðlegum samanburði (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, bls. 574). Það væri því áhugavert að athuga hvort drengir myndu bregðast betur við lestrarhvetjandi hugmyndum frá öðrum börnum heldur en frá foreldrum og kennurum.

Romme-Lund rannsakaði lestur í Danmörku og voru niðurstöður hennar að það er nauðsynlegt að hafa samspil á milli þriggja þátta þegar kemur að því að drengir og stúlkur

epli áhuga sinn á bókalestri. Þar koma heimilin sterk inn, stofnanir eins og skóli og bókasöfn og svo börnin sjálf eða einstaklingar. Allir aðilar þurfa að vera jákvæðari í garð lesturs en viðhorf barnanna eru þó mikilvægust. Þau börn sem tóku þátt í þessari rannsókn áttu það sameiginlegt með börnunum á Amtsbókasafninu á Akureyri að vera jákvæð í garð bókmennta. Þau völdu sér sjálf bækur og voru óhrædd við að deila skoðunum sínum á þeim. Bæði kynin virtust líka eiga það sameiginlegt með íslenskum börnum að hafa alist upp í lestrarhvetjandi umhverfi þar sem foreldrar höfðu áhuga á bókum, mikið var lesið fyrir þau og ferðir á bókasöfn og í búðir voru tíðar. Kennarar þeirra virtust hafa mikinn áhuga á bókalestri og í skólanum voru drengir og stúlkur hvött mikið til að lesa. Einn af þeim hvatningarliðum var að hafa bókasafnstíma, þar sem nemendur fengu að heimsækja bókasafnið í skólanum og eiga þar góða stund. Þetta var allt gert upp í 6. bekk þrátt fyrir að ekki væri gert ráð fyrir þessum tíma í viðmiðunarstundaskrá (2007, bls. 25-26). Bókasafnstímarnir gætu mögulega hjálpað drengjum að auka jákvætt hugarfar til lesturs bóka, hvetja ætti þá til sjálfstæðis í bókavali og það myndi ekki skemma fyrir ef kennarar þeirra væru góðar lestrarfyrirmyndir.

#### **5.4 Samvinna heimila og skóla**

Aðalnámskrá grunnskóla segir það vera í höndum foreldra að styðja við skólagöngu barna sinna. Velferð þeirra og farsæld í námi byggist á þeirra stuðningi. Foreldrar þurfa líka að gæta hagsmuna barnanna, veita skólanum allar upplýsingar er varða barnið og eiga gott samstarf við hann (2011, bls. 45). Námskráin styður við lög um grunnskóla (nr. 19/2008) er snúa að ábyrgð foreldra. Þar er rætt um ábyrgð þeirra á eigin börnum og eftirfylgni þeirra hvað námsframvindu varðar í samvinnu við skólayfirvöld.

Lestur er þýðingarmikill hluti heimavinnu á fyrstu árum skólagöngunnar og því er stuðningur heima fyrir nauðsynleg hvatning fyrir bæði kynin. Það er hlutverk kennara að gera foreldrum grein fyrir til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina þeim með heimalesturinn með því að segja hvaða aðferðir skila bestum árangri. Það þarf að hafa í huga að velja bækur við hæfi drengja og stúlkna, hlusta á þau lesa stutta stund á hverjum degi og ef þau eiga erfitt með það þá geta foreldrar og barn lesið til skiptis og nýtt orðskýringar í texta svo aukinn skilningur náist hjá barninu (Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Sif Stefánsdóttir, 2009, bls. 17–18). Foreldrar drengja ættu að hafa í huga að lestraráhugi þeirra gæti aukist ef þeir gæfu þeim góðan tíma í heimalesturinn.

Heimalestur með foreldrum á að vera skemmtileg stund en ekki kvöð. Bækurnar þurfa að hæfa drengjum og stúlkum, áhuga þeirra og lestrargetu. Það getur gefið góða raun fyrir kennara að gera lestrarsamning við heimilin og biðja forráðamenn um að verja fimmtán mínútum á dag í lestur með börnum sínum. Þar er átt við upplestur og samningurinn getur snúist um að foreldrar og barn skiptist á að lesa eða að barn lesi fyrir foreldri. Aðalatriðið er bókalestur og góð samverustund (Ragnheiður Gestsdóttir, 2009a, bls. 82). Foreldrar drengja gætu nýtt sér sem hvata að notast við sýnilegan tímavaka við lesturinn svo þeir geti fylgst með því hvað þeir lesa lengi. Lestrarhvatning vill þó oft gleymast og þarf að huga vel að þeim hluta, líta við á bókasöfnum og finna gott lesefni sem hæfir getu barnsins og áhuga þess. Önnur tækifæri gefast einnig þegar dagblöð eru lesin og fleira en það skiptir máli að drengir og stúlkur finni að þau séu þátttakendur í lestrarlífi fjölskyldunnar (Ragnheiður Gestsdóttir, 2009b, bls. 53–54).

Drengir og stúlkur eiga það til að hafna bókum í heimalestri þó þau hafi öðlast lestrargetu. Foreldrum ber þá að gera þeim grein fyrir mikilvægi bókalesturs því tenging er á milli hans og lesskilnings. Þau fá meiri víðsýni og verða umburðarlyndari, læra að setja sig í spor annarra, efla málþroska sinn, ímyndunarafl, sköpunargáfu, orðaforða og læra á reglur samfélagsins. Þau börn sem eru dugleg að lesa læra að bókalestur er skemmtilegur og þá gengur þeim betur í skólanum. Það er þó bannað að skammast í börnum ef þau lesa ekki, heldur er nauðsynlegt að sýna þeim fram á að bókalestri fylgir ánægja. Það er því ráð að lesa fyrir framan þau, jafnvel barna- og unglíngabækur svo hægt sé að ræða við þau um efnið. Það er einfaldlega hægt að hjálpa börnunum að velja bækur sem henta þeirra áhugasviði og nálgast lesturinn líkt og hvert annað tólmstundagaman. Gott er að hafa í huga að áhugi drengja og stúlkna á bókalestri á það til að minnka í kringum tíu ára aldurinn og tengist það oft því að þau eru orðin læs, auk þess sem foreldrar sofna á verðinum og hætta að fylgjast með lestri þeirra. Jafnframt er dregið úr lestrarkennslu í skólanum í kringum þennan aldur þó rætt sé um mikilvægi leshraða og jákvæðni til bókalesturs og því ætti hann að vera fjölskylduverkefni sem foreldrar þurfa að huga vel að (Brynhildur Þórarinsdóttir, e.d.). Það er því mikil ábyrgðahluti sem hvílir á herðum foreldra því þeir bera ekki eingöngu ábyrgð á uppeldi barna sinna heldur einnig að þau sæki skóla og taki vel á móti þeirri menntun sem hann hefur að bjóða. Skólinn er til taks og býður fram tækifæri til náms og verkefnið er samvinna beggja aðila með gagnkvæmu trausti, virðingu, ábyrgð og upplýsingamiðlun. Foreldrar bera hins vegar ábyrgð á heimanáminu og sjá til þess að frístundir og annað starf fyrir utan skóla hafi ekki áhrif á námsframvindu barnsins (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 71–72).

## 6 Hvatakerfi

### 6.1 Fágæti og furðuverk

Ýmsar leiðir hafa verið reyndar þar sem hugað er sérstaklega að lestraráhuga drengja þar sem foreldrar eru virkir þátttakendur. Það var gert í verkefni sem hrint var í framkvæmd á Akureyri árið 2010 – 2011, að breskri fyrirmynd, og kallast *Fágæti og furðuverk*. Markmið þess var að hvetja nemendur og fjölskyldur þeirra til að auka lestur og njóta samveru á verkefnatímanum. Rósa Eggertsdóttir átti frumkvæði að því að taka verkefnið upp hér á landi og var markmið hennar að ná fram eflingu á lestraráhuga nemenda í 4. bekk en hún hafði sérstaklega í huga drengi sem áttu erfitt með að lesa eða sýndu lestri lítinn áhuga þó þeir byggju yfir mikilli getu. Þeir skólar sem vildu taka þátt í verkefninu þurftu að koma sér upp bekkjarsetti af pokum sem innihéldu bækur og ýmsa fylgihluti (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2013, bls. 116-117).

Öllum nemendum í 4. bekk stóð til boða að taka þátt og höfðu þeir viku til að klára verkefnið í pokanum með fjölskyldum sínum. Þetta gerðu þeir fjórar vikur í röð tvisvar sinnum yfir skólaárið. Efnið átti að vera þematengt og henta níu til ellefu ára drengjum, til dæmis íþróttir, dýr og tækni. Að sama skapi átti að fylgja svipað efni fyrir fullorðna og fylgihlutir sem gátu tengst þemanu eins og legókubbar, galdradót, dýr og mynddiskar. Teikniverkefni var hluti af þemavinnunni og einnig fylgdi samskiptabók hverjum nemanda þar sem skrifa átti mat á innihaldi pokanna. Dæmi um slíkt verkefni var himingeimurinn þar sem nemendur fjölluðu um tungl og stjörnur en foreldrar fengu tímarit eins og *Lifandi vísindi* og efni um geimferjur. Fylgihlutur gat til dæmis verið stjörnuvíkingur. Feður voru einkum virkjaðir og hvattir til að lesa heima með börnum sínum og ræða lesefnið (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2013, bls. 116-117).

Það var í höndum foreldra að færa upplýsingar inn í samskiptabókina og var áhugavert að sjá að jákvæð viðbrögð komu frá heimilum flestra drengja sem tóku þátt. Oft komu fyrir orð eins og áhugavert, skemmtilegt og fróðlegt og virtust drengir hafa gaman af því að leysa verkefni með feðrum sínum. Þeir virtust einnig áhugasamari og spurðu frekar um fleiri verkefni heldur en stúlkur. Nemendur hrifust af verklegri vinnu sem fólst meðal annars í því að elda, glíma við legókubba og horfa á myndefni. Samskiptabækurnar sýndu að mæður lásu í meirihluta með börnum sínum og virtust þau muna frekar eftir því að hafa séð þær lesa en feður (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2013, bls. 119-123).

Verkefnið virtist hafa jákvæð áhrif á frjálsan lestur heima fyrir og fjölskyldur áttu sameiginlegar stundir í verkefnavinnunni. Áður lásu börnin fyrir mæður sínar einar en það breyttist og fóru börnin að lesa fyrir fleiri fjölskyldumeðlimi. Verkefnin og viðfangsefnin vöktu mikla lukku hjá bæði börnum og foreldrum og drengirnir sem áttu í mestu vandræðum með lestur sýndu mikla jákvæðni. Þeir höfðu meiri áhuga á verklega hlutanum heldur en stúlkurnar en skiluðu hins vegar ekki eins vel af sér og þær. Ástæðan gæti verið sú að foreldrar þeirra virtust ekki sinna verkefnunum sem skildi en þetta virtist engu að síður vera góð viðbót og námstækifæri (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2013, bls. 124).

Niðurstöður sýndu ólíka nálgun stúlkna og drengja á lestri. Þeir aðhylltust spennu- og hryllingssögur og fræðibækur en þær hins vegar ævintýrabækur og skáldsögur en bæði kynin höfðu gaman af gríni. Helstu fyrirmyndir drengja þegar kom að lestri voru konur en þeir kusu frekar að sleppa lestri fyrir utan skólatíma. Þar sem einblínt var á drengi þá var gleðilegt að þeir náðu að upplifa spennu og ánægju og lesefnið sem í boði var höfðaði til þeirra. Val á milli fjölbreytts efnis og þemavinnan var sterkur leikur og náði að tengjast áhugasviði drengjanna enda sýndu þeir meiri áhuga en stúlkurnar. Verkefnið vinnur í heild sinni að eflingu læsis hjá börnum og einblínir á drengi (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2013, bls. 116-125). Því ættu foreldrar drengja að hafa í huga að það skiptir miklu máli að sýna áhuga, jákvæðni, virka þátttöku og efla lestraráhuga.

## **6.2 Spurningakeppnin *Lesum meira***

Brynhildur Þórarinsdóttir segir að leita þurfi að lestrarhestum í grunnskólum landsins og nauðsynlegt sé að nýta þeirra krafta til að breiða út góð skilaboð um að það sé gott að hafa lestraráhuga (2009, bls. 575). Með þennan tilgang í huga hefur skemmtilegt verkefni verið þróað í Álfhólsskóla undanfarin ár. Það er í formi spurningakeppni sem heitir *Lesum meira*. Að sögn Siggerðar Ólafar Sigurðardóttur, forstöðumanns skólasafns Álfhólsskóla sem fer fyrir þessu verkefni þá var haldið af stað með keppnina til að vekja lestraráhuga allra nemenda. Undirbúningur hvernar keppni er um eitt ár því þróa þarf leslista, ákveða hvernig á að leggja keppnina fyrir og huga að úrvinnslu. Bókalistar eru lagðir fyrir bekkni til að kanna hvar áhugi barnanna liggur en einnig er rætt við kennara og leitað álits um hvað börnin ættu að vera að lesa. Þó áhugi sé í hávegum hafður þá er einnig lögð áhersla á val á höfundum og gæði bóka sem er til samræmis við námsmarkmið í upplýsingamennt. Þar er talað um mikilvægi þess að kynna nokkur íslensk og erlend skáld og kynna þau nemendum. Megináherslan er á bækur eftir íslenska höfunda fremur en þýdd verk en einnig er komið að almennum þekkingaratriðum úr þýddum bókum, höfundum, bókatitulum, sögupersónum og fleiru. Hver nemandi á miðstigi er síðan kvaddur að vori með bæklingi um næstu keppni en hann hefur að geyma reglur, ýmislegt um fyrirkomulag



keppninnar og nýjan valbókalista. Þar er lögð áhersla á að nemendur lesi vel og sækji til dæmis sumarlestur á vegum Bókasafns Kópavogs. Einnig hefur Hljóðbókasafn Íslands gert nemendum sem þurfa hljóðlesið efni mögulegt að sækja þessar bækur á vef safnsins. Sér listi er fyrir 4. og 5. bekk og svo annar fyrir 6. og 7. bekk (munnleg heimild, 20. febrúar 2015).

Spurningakeppnin er samvinnuverkefni skólasafns Álfhólsskóla og kennara. Keppnin er hugsuð fyrir miðstig en 4. bekkur tekur þó þátt á móti 5. bekk. en 6. og 7. bekkur keppa svo sín á milli. Markmið keppninnar er að fá nemendur til að lesa fjölbreyttar barnabókmenntir, auðga orðaforða og vekja almennan áhuga nemenda á bókalestri. Þannig er reynt að koma að mismunandi þyngd á bókum og nálgast betur áhugasvið þeirra. Góð samvinna á milli þeirra nemenda sem velja að taka þátt í keppninni skiptir máli þegar kemur að bókalistanum því þeir eru hvattir til að skipuleggja lesturinn saman til að komast yfir sem flestar bækur. Foreldrar eru hvattir til að styðja börnin sín og aðstoða við erfiðari bækur, lesa með þeim, ræða um efnið og nota jafnvel víxllestur (Álfhólsskóli, e.d.). Keppnin byggist á fjórum þáttum og er spurt um lesefni af bókalista en einnig almennt um bókmenntir. Fyrst koma hraðaspurningar og er þá dregið um hvort liðið byrjar og vikur hitt þá afsíðis á meðan. Síðan taka við vísbendingaspurningar þar sem notuð er bjalla. Bæði lið taka þátt og það sem er fyrr að ná bjöllum fær svarréttinn. Þriðji liðurinn í keppninni tengist ágiskunarspurningum þar sem nemendur eiga að leika orð. Að síðustu eru það valflokkar þar sem fjórir flokkar eru í boði og velur það lið fyrst sem hefur færri stig. Gripið er til bráðabana ef lið eru jöfn að stigum í lokin og notaðar eru bjöllumspurningar (Álfhólsskóli, e.d.).

Siggerður Ólöf segir að fyrirmyndin að keppnisfyrirkomulaginu sé sótt í *Útsvar og Gettu betur*, form keppninnar er sótt til Grindavíkur en þar hafði verið unnið með sambærilegt efni á skólasafni bæjarins. Unnið er markvisst að því að ná þeim nemendum sem lesa mikið og vilja bæta sig en keppnin hefur verið gagnrýnd fyrir að þjóna ekki öllum nemendum (munnleg heimild, 20. febrúar 2015). Ástæðan gæti verið sú að einblína ætti líka á drengi og stúlkur sem hafa lítinn lestraráhuga því mikilvægt er að hlúa líka að þeim nemendum. Siggerður segir þó að þeir bekkir sem starfa vel saman og vinna með lesskilning ná að skila mun meiri árangri í keppninni heldur en þar sem minna er unnið með lesskilning og samvinnu. Þó er markmiðið með keppninni að hvetja börn til lesturs og að vekja áhuga nemenda. Í upphafi var lagt af stað með keppnisfyrirkomulagið til að höfða frekar til drengja en hún er ekki síður spennandi fyrir stúlkur (munnleg heimild, 20. febrúar 2015).

Mikill skortur er á spennandi lesefni sem tengist áhugasviði nemenda í 4. – 5. bekk og er skrifað af íslenskum höfundum. Meira er lesið af þýddum bókum eins og *Kidda klaufa* og *Skúla Skelfi*. Á meðan á keppninni stendur er tekin rafræn könnun sem heitir *Skólapúlsinn* og er hún um líðan og heilsu nemenda. Hún er tekin allt árið og þar af leiðandi á meðan á keppninni stendur og undirbúningur í hámarki. Þar mælist marktækur munur á áhuga meðal nemenda á lestri. Stúlkur eru í meirihluta í hópi þátttakenda þó form keppinnar hafi einkum verið hugsuð til að örva drengi til keppni. Lokamarkmiðið var að búa til Kópavogsmeistarann þar sem tíu grunnskólar úr Kópavogi keppa sín á milli. Því miður eru fjárframlög til skólasafnanna mjög takmörkuð og liggur ákvörðun þess efnis í höndum hvers skólastjóra. Því er ekki hægt að samsvara bókakostinn eins og nauðsynlegt er (Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, munnleg heimild, 20. febrúar 2015).

### 6.3 Bókasöfn

EKKI er hægt að búast við góðum árangri að keppnum líkt og *Lesum meira* ef nemendur eiga í erfiðleikum með að nálgast efnið sem er í boði. Brynhildur Þórarinsdóttir gerði rannsókn á bókasöfnum til að geta sýnt þann niðurskurð sem vísað hefur verið til í fjölmiðlum án þess að einhverjar tölur lægju fyrir. Öll söfnin sem skoðuð voru áttu það sameiginlegt að hafa fengið styrk við fyrstu úthlutun úr skólasafnasjóði Félags íslenskra bókaútgefenda. Sveitafélögin virtust á þessum tíma fá svigrúm til að skerða framlög til skólabókasafna því engin ákvæði voru sett um þau í grunnskólalögum 2008 (2011, bls. 133–134). Rætt var við viðmælendur á bókasöfnum í höfuðborginni og á landsbyggðinni. Sumum þótti sérstakt að læsi væri gert jafn hátt undir höfði í nýju aðalnámskránni og raun ber vitni en í leiðinni væri verið að skera niður framlög til skólabókasafna. Þeir héldu því fram að það væri hægt að lifa af einn niðurskurð en ekki til margra ára því börnin vildu líka nýjar bækur. Flest máttu söfnin glíma við 50% niðurskurð eftir hrun en ekkert safnanna hafði fengið aukið fé aftur til bókakaupa á þessum tíma (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2011, bls. 135 – 136).

Niðurstöður sýndu samt að nemendur báru væntumþykju til skólabókasafnsins og starfsfólkið gerði sitt besta til að sinna bókakaupum. Einn skóli hélt fatamarkað til að safna fyrir bókum og snerti því niðurskurðurinn nemendur að mati viðmælenda rannsóknarinnar og vantaði gleðina hjá sumum er þeir komu á bókasafnið þó skilningur væri fyrir hendi. Tekið er á móti rithöfundum sem vilja koma á sínum vegum en ekki er hægt að greiða fyrir slíkar heimsóknir. Sú breyting hefur orðið að nemendur virtust í meira mæli mæta á bókasafnið til að spila. Starfsfólkið er rætt var við í rannsókninni taldi að starfsaðstæður gætu ekki verið svona til lengri tíma og að bókasöfn skólanna gætu ekki mætt afgangi því þau myndu þá verða að engu (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2011, bls. 137-

139). Aðalnámskrá grunnskóla tilgreinir að skólasöfnin eigi að gegna lykilhlutverki og leggja áherslu á að þroska nemendur og efla skilning þeirra með þeim gögnum sem eru við höndina. Jafnframt eiga starfsmenn safnanna að vinna að frumkvæði og sinna sjálfstæðum vinnubrögðum (2011, bls. 49). Skilningur sveitarfélaganna og löggjafa landsins virðist því ekki vera sá sami en auka þyrfti framlög til skólabókasafna til að rétta hlut þeirra svo nemendur geti gengið að nýju lesefni. Fjölbreytt úrval barnabóka gæti eflt lestraráhuga drengja.

## 7 Lokaorð

Þegar lítið er til þess fræðilega efnis sem hér hefur verið kynnt þá er ljóst að huga þarf betur að eflingu lestraráhuga drengja frá elsta árgangi leikskóla fram yfir miðstig grunnskóla. Þó má ekki gleyma unglingsdrengjum í þessu samhengi því niðurstöður *PISA* rannsókna hafa sýnt að lestraráhugi þeirra fer minnkandi sem er áhyggjuefni (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2013, bls. 21–39). Niðurstöður lestrarskimana í yngri bekkjum grunnskólans virðast sýna að drengir hafi lakari lestrargetu og skilning en stúlkur og sé lítið til drengja í leikskóla þá virðist lestraráhugaleysi þeirra byrja þar og halda áfram upp skólagönguna (Ásgeir Björgvinsson, Guðrún Edda Bentsdóttir og Hildur B. Svansdóttir, 2013, bls. 5). Samkvæmt niðurstöðum rannsókna Þorbjarnar Broddasonar virðast snjalltæki hafa áhrif á lestur bóka hjá börnum frá unga aldri og heldur sú þróun áfram upp efri skólastigin (Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir, 2009, bls. 256-259). Einhverra hluta vegna sækja drengir meira í Veraldarvefinn og snjalltæki en stúlkur. Það virðist ekki vera hugað nægilega vel að áhugasviði drengja þegar kemur að lestri heima fyrir og í kennslu. Jafnframt virðast þeir sækja í að lesa styttri bækur en stúlkur og gæti það verið ein af ástæðum þess að þeir lesa minna. Foreldrar drengja og kennarar þeirra mættu velta því fyrir sér hvernig þeir geta haft áhrif, jafnvel með því að sýna meiri áhuga og jákvæðni. Einnig geta þeir aukið þátttöku sína í lestrarnámi drengja, unnið að því að efla lestraráhuga þeirra og hvatt þá til að lesa fjölbreytt lesefni og hræðast ekki langar bækur.

Svo virðist vera að lítið sé til af útgefnum bókum eftir íslenska höfunda sem skrifa sögur úr íslenskum veruleika er vekja áhuga. Einhverjir rithöfundar eru meðvitaðir um þennan vanda og skrifa með drengi í huga og tekst að fanga athygli þeirra á meðan aðrir vilja ná til beggja kynja. Það er sorglegt að drengir telji sig vera lélega lesendur snemma á grunnskólagöngunni (Smith og Wilhelm, 2007, bls. 11). Það bendir til þess að grunnskólakerfið virki ekki sem skildi og að foreldrar séu ekki nægilega meðvitaðir um hvernig efla eigi lestraráhuga. Læsi er gert hátt undir höfði í Aðalnámskrá og grunnskólar landsins vinna eftir þeim tilmælum sem hún setur. Þó er ekki hugað að hugtakinu

lestraráhugi í námskránni í samræmi við læsishugmyndir hennar sem er vert umhugsunarefni.

Það er eflaust auðveldara fyrir foreldra að gefa börnum sjónvarp í herbergið sitt, kaupa handa þeim spjaldtölvu eða nýjasta snjallsímamann til að veita þeim afþreyingu. Hins vegar ætti það að gefa bæði börnum og foreldrum meira gildi að eiga tíma saman, setjast niður í rólegheitum og lesa góða bók líkt og Ágústa Pálsdóttir hefur bent á að gott sé að gera með ungum börnum. Foreldrar ættu að vera góðar lestrarfyrirmyndir barna sinna og nálgast bækur á bókasöfnum og í bókabúðum (Ágústa Pálsdóttir, 1998, bls. 7-21). Feður gætu líka haft áhrif með því að vera betri fyrirmyndir, huga að sonum sínum með því að sýna að þeir lesi líka og kynna fyrir þeim hversu skemmtilegur lestur sé. Ýmis hvatakerfi hafa verið prófuð í grunnskólum landsins og sum henta drengjum og önnur ekki. Þeir virðast þurfa fjölbreyttar kennsluaðferðir og þemaverkefni sem byggjast á öðru en bara lestri og því væri áhugavert fyrir kennara að einbeita sér að slíkum verkefnum í meiri mæli til að viðhalda áhuga drengja. Fyrirmyndir á heimilum og í skólum landsins hafa því dýrmætu hlutverki að gegna sem ber að fara varlega með og vinna að jákvæðni drengja í garð bókalesturs.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013/2013.

Aðalnámskrá leikskóla 2011/2011.

Andrea Gerður Dofradóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Friðrik H. Jónsson. (2006). *Lestur og viðhorf til lesturs. Niðurstöður úr rýnihópum 10 – 15 ára barna og unglinga*. Sótt af:[http://fel.hi.is/sites/fel.hi.is/files/Lokaskyrslur/lestur\\_\\_nidurstodur\\_rynihopa\\_lokaskyrsla\\_breytt\\_forsida.pdf](http://fel.hi.is/sites/fel.hi.is/files/Lokaskyrslur/lestur__nidurstodur_rynihopa_lokaskyrsla_breytt_forsida.pdf).

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2005). „Mér finnst yndislegt að skrifa fyrir börn“: Um myndabækur Guðrúnar Helgadóttur. Í Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (ritstjórar), *Í Guðrúnarhúsi* (bls. 33-53). Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Vaka-Helgafell.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2006a). Bók í hönd: um barnabókmenntir í skólastarfi. *Hrafnaping; 2006; (3), 19-32*.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2006b). Snákur eða slanga: Um „lestrarkennslu“ í leikskólum. *Skíma; 2006; 29(1), 11-15*.

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Nielsson og Júlíus K. Björnsson. (2010). *Íslenskir nemendur við lok grunnskólans: helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði*. Sótt af:  
[http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa\\_2012/PISA\\_2012\\_island.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa_2012/PISA_2012_island.pdf).

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2013). *Helstu niðurstöður PISA 2012 – Læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningur*. Sótt af:  
[http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa\\_skyrslur/PISA\\_2012.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa_skyrslur/PISA_2012.pdf).

Almar M. Halldórsson. (2011). *Kynjamunur í námsárangri í grunnskólum í Reykjavík samkvæmt PISA 2009 og samræmdum prófum*. Sótt af:  
[https://strakar.files.wordpress.com/2011/09/skyrsla\\_namsmat\\_engin\\_nofn\\_28bls.pdf](https://strakar.files.wordpress.com/2011/09/skyrsla_namsmat_engin_nofn_28bls.pdf).

Ágústa Pálsdóttir. 1998. Uppeldi og lestur. *Uppeldi og menntun, 7(1)*, bls. 7-21.  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?gegnirId=000502948](http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000502948).

- Álfhólsskóli. (e.d.). Bókalisti fyrir valflokka. Sótt af <http://www.alfholsskoli.is/images/stories/skjol/spurningarkeppnin%20lesum%20meira%202011-12.pdf>.
- Ásgeir Björgvinsson, Guðrún Edda Bentsdóttir og Hildur B. Svavarsdóttir. (2013). *Niðurstöður úr lesskimun í 2. bekk í Grunnskólum Reykjavíkur vorið 2013*. Sótt af [http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/lesskimun\\_vor2013.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/lesskimun_vor2013.pdf).
- Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. (2000). *Mál og lestur*. Lestrarbókin okkar, greinasafn um lestur og læsi. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Íslenska lestrarfélagið. Reykjavík.
- Baker, L., Scher, D. og Mackler, K. (1997). Home and family influences on motivations for reading. *Educational Psychologist*, 32(1), 69-82.
- Baldur Sigurðsson. (e.d.). Hvað er læsi. Lesvefurinn. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/132>.
- Biemiller, A. (2003). Vocabulary: Needed if more children are to read well. *Reading Psychology*, 24(3), 323–335. doi: 10.1080/02702710390227297.
- Bókatíðindi. (2014). *Pýddar barna- og unglingsbækur*. Sótt af [http://fibut.is/attachments/article/122/Bokatidindi2014\\_LOW.pdf](http://fibut.is/attachments/article/122/Bokatidindi2014_LOW.pdf).
- Bókatíðindi. (2013). *Íslenskar barna- og unglingsbækur*. Sótt af: [http://fibut.is/attachments/article/122/Bokatidindi\\_2013\\_LOW.pdf](http://fibut.is/attachments/article/122/Bokatidindi_2013_LOW.pdf).
- Bókatíðindi. (2012). *Íslenskar barna- og unglingsbækur*. Sótt af: [http://fibut.is/attachments/article/122/Bokatidindi\\_2012\\_LOW.pdf](http://fibut.is/attachments/article/122/Bokatidindi_2012_LOW.pdf).
- Bókatíðindi. (2011). *Pýddar barna- og unglingsbækur*. Sótt af: [http://fibut.is/attachments/article/122/Bokatidindi\\_2011\\_LOW.pdf](http://fibut.is/attachments/article/122/Bokatidindi_2011_LOW.pdf).
- Bókatíðindi. (2010). *Íslenskar barna- og unglingsbækur*. Sótt af: [http://bokatidindi.odd.is/listi/bokavefur/bokatidindi\\_listi.php?b\\_id=7363&argangur=2010](http://bokatidindi.odd.is/listi/bokavefur/bokatidindi_listi.php?b_id=7363&argangur=2010).
- Brynhildur Scheving Thorsteinsson og Júlíus K. Björnsson. 2007. *PIRLS 2006 Lesleikni í 4. og 5. bekk* (bls. 60). Námsmatsstofnun.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2006). Bókaormfræði: um barnabókmenntir í grunnskólum. *Skíma*, 29(2), 38-42.

- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2009). Lestrarvenjur íslenskra bókaorma. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X: félags- og mannvísindadeild* (bls. 253-263). Sótt af:  
[http://skemman.is/stream/get/1946/7600/20217/1/Félags\\_og\\_mannv%C3%ADsindadeild\\_2009.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/7600/20217/1/Félags_og_mannv%C3%ADsindadeild_2009.pdf).
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2011). *Er hjartað hætt að slá? Skólabókasöfn á krepputímum*, (bls. 133-141). Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011. Sótt af:  
[http://skemman.is/stream/get/1946/10261/25581/3/Felagsogmannv\\_deild.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/10261/25581/3/Felagsogmannv_deild.pdf).
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (e.d.). Foreldrar. Lesvefurinn. Sótt af  
<http://lesvefurinn.hi.is/node/152>.
- Dagný Kristjánsdóttir. (2005). Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn. Í Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (ritstjórar), *Í Guðrúnarhúsi* (bls. 33-53). Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Vaka-Helgafell.
- Carroll, M. J., Bower-Crane, C., Duff, F. J., Hulme, C. og Snowling, M. J. (2011). *Developing Language and Literacy*. Chichester: Wiley-Blackwell.
- Fisher, H. (2001). Achieving the best: Gender and the literacy hour. *British Journal of Special Education*, 28(1), 30-34. Doi:10.1111/1467-8527.t01-100201.
- Fletcher, R. (2006). *Boy writers: Reclaiming their voices*. Markham, Ontario, Canada: Pembroke Publishers.
- Freyja Birgisdóttir og Steinunn Torfadóttir. (e.d.). Hvað er læsi? Lesvefurinn. Sótt af  
<http://lesvefurinn.hi.is/lestur>.
- Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. (2014). *Er þetta stafurinn minn?: Handbók um læsi ungra barna*. Mosfellsbær: Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir.
- Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Sif Stefánsdóttir. (2009). Hvetjandi námsumhverfi. Í Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Íslenska í 1. og 2. Bekk. Handbók kennara* (bls. 11 – 18). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Gunn, B. K., Simmons, D. C. Og Kammeenui, E. J. (1995). Emergent literacy: Synthesis of the research. Sótt af:  
<http://www.researchconnections.org/childcare/resources/2776/pdf%3bjsessionid=F9953602F27AA733C2194693DE06A9F8>.
- Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir. (e.d.). Börn. Lesvefurinn. Sótt af  
<http://lesvefurinn.hi.is/node/183>.



Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.,a). Lestrarþjálfun. Lesvefurinn. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/lestrarthjalfun>.

Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.,b). Umskráning. Lesvefurinn. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/umskraning>.

Hlín Helga Pálsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir og Helga Sigurmundsdóttir. (2011). Lestur. Í Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Íslenska í 3. og 4. bekk. Handbók kennara* (bls. 7-15). Kópavogur: Námsgagnastofnun.

Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórarinsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2014). *Ungt fólk 2014: grunnskólar: menntun, menning, félags- íþrótt og tómstundastarf, heilsa og líðan og vímuefnaneysla unglunga í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi. Samanburður rannsókna árin 2000 til 2014. Staða og þróun yfir tíma*. Reykjavík: Rannsóknir og greining Menntamálaráðuneytið, Háskólinn í Reykjavík.

Ingibjörg Auðunsdóttir. (2013). Fágæti og furðuverk: Lestrarhvetjandi samstarfsverkefni heimila og skóla. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstjórar), *Fagmennska í skólalastarfi*. (bls. 111-130). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Háskólinn á Akureyri.

Jenkins, S. (2009). How to maintain school reading success: Five recommendations from a struggling male reader. *The Reading Teacher*, 63(2). Doi:10.1598/RT.63.2.7.

Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur. Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Háskólaútgáfan. Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.

Klauda, L. S. og Wigfield, A. (2012). Relations of Perceived Parent and friend Support for Recreational Reading With Children's Reading Motivations. *Journal of Literacy Research* 44(1), 3-44.

Kristín Ragna Gunnarsdóttir. (2006). Vængir hugans: listbrögð myndabóka í ljósi Engils í vesturbænum. *Tímarit Máls og menningar*, 67(4), bls. 25-38.

Kuhn, M.R., Schwanenflugel, P.J. og Meisinger, B. M. (2010). Aligning theory and assessment of Reading Fluency: Automaticity, prosody, and definitions and fluency. *Reading Research Quarterly*, 45(2), 230-251.

Lög um grunnskóla nr. 19/2008. Sótt af: <http://www.althingi.is/lagas/142/2008091.html>.

Lög um leikskóla nr. 90/ 2008. Sótt af: <http://www.althingi.is/lagas/140a/2008090.html>.

- Medford, E. og McGeown, S. P. (2012). The influence of personality characteristics on children's reading motivation. *Learning and Individual Differences*, 22(6), 786-791.
- Morrison, T. G., og Wilcox, B. (2013). *Developing Literacy: Reading and Writing Tom With, and By Children*. Boston : Pearson Higher Education.
- Morrow, L.M. og Gambrell, L. B. (2004). *Using childrens literature in preschool. comprehending and enjoying books*. USA: International Reading Association.
- Muter, V. (2006). The prediction and screening of children's reading difficulties. Í M.J. Snowling og J. Stackhouse. *Dyslexia speech and language: A practitioner's handbook*. (2. Útgáfa, bls. 54-73). London: Whurr Publishers.
- National Reading Panel. (2000). *Teaching Children to Read: An Evidence-Based Assessment of the Scientific Research Literature on Reading and Its Implications for Reading Instruction*. Summery report of the NRP.
- Lever-Chain, J. (2008). Turning boys off? Listening to what five-year-olds say about reading. *Literacy*, 42(2), 83-91. doi:10.1111/j.1741-4369.2008.00488.x (bls 89 og 109).
- Ragnheiður Briem. (1996). Fyrstu skref í móðurmálskenndu ungra barna. *Skíma*; 1996; 19,(2), bls. 8-10.
- Ragnheiður Gestsdóttir. (2009a). Lestrargleði. Í Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Íslenska í 1. og 2. bekk. Handbók kennara* (bls. 81-82). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Ragnheiður Gestsdóttir. (2009b). Það er leikur að læra. Í Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Íslenska í 1. og 2. bekk. Handbók kennara* (bls. 53-55). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Romme-Lund, H. (2007). *Hvad skaber en lystlæser? – en undersøgelse gennemført i et samarbejde mellem Gentofte Bibliotekerne og Center for Børnelitteratur*. Kaupmannahöfn: Center for Børnelitteratur / Danmarks Pædagogiske Universitet.
- Smith, M.W., og Wilhelm, J.D. (2002). *“Reading don't fix no Chevys”: Literacy in the lives of young men*. Portsmouth, NH: Heinemann.
- Stefán Jökulsson. (2012). *Læsi: grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Námsgagnastofnun.
- Steinunn Torfadóttir. (e.d.,a). Kennsluaðferðir – Lesskilningur. Lesvefurinn. Sótt af [http://lesvefurinn.hi.is/kennsla\\_lesskilningur](http://lesvefurinn.hi.is/kennsla_lesskilningur).
- Steinunn Torfadóttir. (e.d.,b). Lærð færni. Lesvefurinn. Sótt af [http://lesvefurinn.hi.is/hvad\\_er\\_laesi](http://lesvefurinn.hi.is/hvad_er_laesi).

- Steinunn Torfadóttir. (e.d.,c). Nálganir í kennslu. Lesvefurinn. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/159>.
- Vacca, Jo Anne L. Richard T. Vacca, Mary K. Gove. 2000. *Reading and learning to read*. 4. útgáfa. Addison-Educational Publishers Inc. Bandaríkin.
- Zambo, D., og Brozo, W.G. (2009). *Bright beginnings for boys: Engaging young boys in active literacy*. Newark, DE: International Reading Association.
- Walpole, S. og McKenna, M.C. (2007). *Differentiated reading instruction: Strategies that work*. New York: The Guilford Press.
- Wigfield, A. og Guthrie, J. T. (1997). Relations of children's motivation for reading to the amount and breadth of their reading. *Journal of Educational Psychology* 89(3), 420-432. Sótt af: <http://www.cori.umd.edu/research-publications/1997-wigfield-guthrie.pdf>.
- Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir. (2009). Ný börn og nýjir miðlar á nýju árbúsundi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), Rannsóknir í félagsvísindum X: félags- og mannvísindadeild. (bls. 253-263). Sótt af: [http://skemman.is/stream/get/1946/7600/20217/1/Félags\\_og\\_mannv%C3%ADsindadeild\\_2009.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/7600/20217/1/Félags_og_mannv%C3%ADsindadeild_2009.pdf).
- Þóra Kristinsdóttir. (2009). Lestur og lestrarkennsla. *Íslenska í 1. og 2. bekk*. Handbók kennara (bls. 7-9). Í Silvía Guðmundsdóttir (ritstjóri), Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Þórdís Þórðardóttir. (2013). Barnaefni og fjölskylduhabitusar: Aðgengi 4-5 ára leikskólabarna að barnabókum og stafrænum miðlum á heimilum sínum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10(2013), 162-183.

## **Viðauki 1: Spurningalisti rithöfunda**

**Kristín Helga Gunnarsdóttir og Gunnar Helgason**

Skrifar þú á sérstöku máli sem höfðar til barna eða börn skilja betur?

Ertu að skrifa markvisst til að reyna að koma ákveðnum skilaboðum á framfæri?

Af hverju hefur þú kosið að skrifa bækur sem höfða til drengja ?

Finnst þér vera vöntun á bókum sem vekja áhuga drengja? Hvaða efni vantar?

Hvernig finnur þú fyrirmyndir að sögupersónum ?

Hefur þú ákveðið eitthvað efni sem þú telur að tilheyri áhuga drengja?

Hvers vegna telur þú að áhugi drengja sé minni á bókalestri en stúlkna?

## **Viðauki2: Viðtal við bókasafnsfræðing**

### **Viðtal við Siggerði Ólöfu Sigurðardóttur**

Hver er uppruni lestrarkeppni Álfhólsskóla? Hversu lengi hefur hún verið við lýði?

Er einhver fyrirmynd til af þessari keppni eða var hún búin til frá grunni?

Hvert er meginmarkmið keppinnar? Er verið að vinna almennt að lestrarhvatningu og áhuga nemenda með keppninni eða er verið að reyna að leiða hana að drengjum ?

Hvernig er fyrirkomulagið í keppninni?

Er mikill spenningur meðal nemenda að taka þátt?

Hvernig hefur hlutfall drengja og stúlkna að meðaltali skipst í keppnisliðum?

Hvert er lokamarkmið keppinnar? Er einhver vinningur í lokin?

Hvers vegna bikar?